FRÉTTABLAÐIÐ
85. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 10. APRÍL 2019



Fjórðubekkingar í grunnskólum Reykjavíkur fylltu Eldborgarsal í Hörpu á setningu Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur. Fjölmargir léku listir sínar, þar á meðal tónlistarmaðurinn Jón Jónsson, sem flutti lag byggt á hugmyndum barna í fjórða bekk um drauma. Barnamenningarhátíðin stendur í höfuðborginni næstu daga og fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af hátíðinni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Stoðir með sex milljarða hlut í Arion

Fjárfestingafélagið Stoðir á 4,5 prósenta hlut. Er stærsti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi bankans. Keypti um þriðjung af tíu prósenta hlut sem Kaupþing seldi í síðustu viku. Sigurður Bollason og félög honum tengd hafa byggt upp stóra stöðu í Arion banka.

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars fjárfestanna Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar, Magnúsar Ármann og TM, er orðið stærsti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með um 4,5 prósenta hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Arion banka er eignarhluturinn metinn á rúmlega sex milljarða króna.

Stoðir margfölduðu hlut sinn í Arion banka þegar félagið keypti um þriðjung af þeim tíu prósenta hlut sem eignarhaldsfélagið Kaupþing, stærsti einstaki hluthafi bankans, seldi síðastliðinn miðvikudag til innlendra og erlendra fjárfesta. Frá þeim tíma hefur hlutabréfaverð bankans hækkað um nærri tíu prósent. Fyrir áttu Stoðir, sem er eitt stærsta fjárfestingafélag landsins og var með um 18 milljarða í eigið fé í ársbyrjun 2018, um 0,65 prósenta hlut í bankanum.

Eftir sölu Kaupþings hafa umsvif einkafjárfesta í eigendahópi Arion banka aukist verulega. Þannig á Sigurður Bollason, fjárfestir og stór hluthafi meðal annars í Kviku banka, og félög honum tengd orðið samtals í kringum tveggja prósenta hlut í Arion banka, samkvæmt heimildum. Hann hefur að undanförnu verið að byggja upp stöðu í bankanum, sem er meðal annars fjármögnuð í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka, og keypti umtalsverðan eignarhlut af Kaupþingi í síðustu viku.

**154**

**milljarðar króna er markaðsvirði Arion banka.**

Stærstu hluthafar Stoða, sem seldu í fyrra hlut í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco fyrir um 19 milljarða, eru eignarhaldsfélagið S121, Arion banki og Landsbankinn.

Sá hópur fjárfesta sem fer með tögl og hagldir í Stoðum í gegnum félagið S121 samanstendur einkum af félögum tengdum Jóni, fyrrverandi forstjóra FL Group og stjórnarmanni í Refresco, Einari Erni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanni í TM, Magnúsi Ármann, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Þorsteini M. Jónssyni, áður aðaleiganda Vífilfells og fyrrverandi stjórnarmanni í Glitni og FL Group. **– hae / sjá Markaðinn**

## Háar kröfur bíða Boeing

**FLUGMÁL** Erlendir sérfræðingar telja líklegt að flugvélaframleiðandinn Boeing þurfi að greiða mismuninn á rekstrarkostnaði hinna kyrrsettu Boeing MAX 8 véla og véla sem flugfélög þurfa að nota í millitíðinni. Sömuleiðis að Boeing verði krafið um kostnað við leigu á vélum meðan MAX 8 vélarnar eru kyrrsettar.

Icelandair segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki liggi fyrir hvernig Boeing komi til móts við félagið. Greinandi dró upp þá sviðsmynd nýverið í Japan Times að útgjöld Boeing við að dekka kostnað flugfélaga sem eru með hátt í 350 MAX 8 vélar samsvöruðu nærri 120 milljörðum íslenskra króna í sex til átta vikur.

**– smj / sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Ellilífeyrisþegar flokkaðir með ungbörnum og grunnskólanemum, skrifar Kári Jónasson. 11

**TÍMAMÓT** Aldarafmælis Jóhanns S. Hannessonar, skólameistara á Laugarvatni, verður minnst í Hannesarholti í kvöld. 18

**MENNING** Frumefni náttúrunnar er sýning Brynhildar Þorgeirsdóttur í Ásmundarsafni. 18

**LÍFIÐ** Hlaðborð af greiningum sameinar uppistandsgrínarana í My Voices have Tourettes. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður



A-átt 3-8 m/s, en 10-15 syðst. Léttskýjað NV-lands. Skýjað með köflum annars staðar og lítilsháttar skúrir eða él SA-lands. Hiti 3 til 9 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Erfitt að fara úr svörtu hagkerfi

**SAMFÉLAG** „Það er ótrúlega erfitt að komast út úr svarta hagkerfinu þegar menn eru komnir inn,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga á Íslandi. Hann, ásamt Karli Steinari Valssyni yfirlögregluþjóni, mun ræða um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi frá hagrænu sjónarhorni á hádegisfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga í dag.

„Á meðan menn sitja inni fá þeir borgað svart frá ríkinu, sem er ekki gott fordæmi. Þegar menn koma út er þeim haldið í skuldafangelsi,“ segir Guðmundur Ingi.

„Svartur peningur er þjóðaríþrótt Íslendinga. Ég myndi áætla að við værum á svipuðum stað og Spánn,“ segir Guðmundur. **– ab**

## Forsetafundur



Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sótti málstofu í Sankti Pétursborg í Rússlandi í gær með öðrum norðurslóðaleiðtogum. Þar hitti hann fyrir Vladímír Pútín, forseta Rússlands, en þeir munu funda saman í dag. Guðni ávarpaði viðstadda á rússnesku og miðað við viðbrögð viðstaddra í myndskeiði af ræðunni þótti forsetinn standa sig með stakri prýði. Í bakgrunni sést svo Sauli Niinistö, forseti Finnlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Herjólfur hefur siglt til Þorlákshafnar frá því í nóvember.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Áfram er þörf á að dýpka

**SAMGÖNGUR** Nýr Herjólfur verður ekki til þess að hætta þurfi að dýpka Landeyjahöfn. Óvissa er um hvenær nýja ferjan kemur. Nú standa yfir viðræður milli pólsku skipasmíðastöðvarinnar Crist S.A. og Vegagerðarinnar um 1,2 milljarða kröfu.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra hefur gefið út að reikningurinn frá Crist verði ekki greiddur og á meðan bíður ferjan í Gdynia. Landeyjahöfn var síðast dýpkuð í mars í fyrra en hefur verið lokuð frá því í nóvember. Vegagerðin segir ómögulegt að vita hvenær höfnin verði opnuð aftur.

Fram kemur í svari frá Vegagerðinni að það muni áfram þurfa að dýpka en munurinn sé sá að nýr Herjólfur risti 1,5 metrum grynnra en sá sem nú siglir. Landeyjahöfn sé í raun hönnuð fyrir nýju ferjuna. Kostnaður mun sem fyrr hlaupa á hundruðum milljóna á ári. **– ab**




# Hundaræktendur telja stjórnsýsluna í feluleik

**Atvinnuvegaráðuneytið hefur enn ekki gert nýtt áhættumat vegna innflutnings á hundum og köttum opinbert þrátt fyrir að það hafi borist í lok síðasta mánaðar. Formaður Hundaræktarfélagsins gagnrýnir samráðsleysi og tafir.**

**GÆLUDÝR** Nýtt áhættumat vegna innflutnings á hundum og köttum til landsins barst Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lok síðasta mánaðar. Þetta var upplýst á Alþingi á mánudaginn í svari staðgengils ráðherra við fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar.

Matsins hefur verið beðið í nokkurn tíma en upphaflega átti það að liggja fyrir í apríl á síðasta ári. Þorgerður Katrín var sjálf ráðherra þegar samið var við Preben Willeberg, fyrrverandi yfirdýralækni Danmerkur, um verkefnið.

Skýrslan sem er um 140 blaðsíður er nú til yfirferðar hjá ráðuneytinu og Matvælastofnun og verður birt innan tíðar. Þá kom fram á Alþingi að Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) hefði ekki fengið áheyrnarfulltrúa á fundi með skýrsluhöfundi þar sem farið var yfir niðurstöðurnar. Til stæði að hafa samráð við hagsmunaaðila í þeirri vinnu sem fram undan væri.

Herdís Hallmarsdóttir, formaður HRFÍ, er ósátt við samráðsleysið og þær tafir sem hafa einkennt ferlið frá því að Þorgerður Katrín fór úr ráðuneytinu.

„Þessi vinnubrögð hafa ekki á sér góða eða faglega ásýnd. Ásýndin er sú að það sé verið að sópa einhverju undir teppið eða að það sé eitthvað sem ekki megi líta dagsins ljós,“ segir Herdís.

Félagið hafi um margra ára skeið barist fyrir því að slakað yrði á kröfum um fjögurra vikna einangrun við innflutning hunda.

„Við erum bara að reyna tryggja að þetta sé faglega unnið og það séu vísindaleg rök sem liggi að baki.



**Eigandi Fálka segir hann hafa verið í um tvö ár að jafna sig á fjögurra vikna einangrun eftir að hann kom til landsins.** MYND/PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON

> **Ásýndin er sú að það sé verið að sópa einhverju undir teppið.**
>
> Herdís Hallmarsdóttir, formaður Hundaræktarfélag Íslands

Krafa okkar er bara um sanngirni og hvað hefur ráðherrann þá að óttast?“

HRFÍ hafi aldrei krafist þess að stýra ferðinni. „Við reiknum með því að þessi erlendi sérfræðingur stýri ferðinni. Það var lagt upp með að fenginn yrði óháður erlendur aðili til að taka þetta út. Þá spyr ég hvers vegna megum við ekki koma að borðinu núna?“

Guðbjörg Guðmundsdóttir hefur á undanförnum tveimur árum flutt inn tvo hunda af tegundinni Bracco Italiano til landsins.

„Þetta voru hundar sem voru mjög opnir og hressir og til í að tala við alla. En eftir fjögurra vikna einangrun urðu þeir tortryggnir á fólk. Með eldri hundinn hefur þetta tekið mig þessi tvö ár að fá hann til að treysta öllum og verða hann sjálfur aftur í raun og veru,“ segir Guðbjörg.

Yngri hundurinn losnaði úr einangrun í síðasta mánuði. Guðbjörg er þó ánægð með einangrunarstöðina Mósel og starfsfólkið þar. „Ég fékk góðar upplýsingar og fékk að fylgjast vel með hundinum sem skiptir öllu máli.“

Draumurinn sé að á Íslandi verði tekin upp gæludýravegabréf þótt hægt væri að lifa með tíu daga einangrun eins og til dæmis tíðkist í Ástralíu. „Þannig þyrfti maður ekki að skilja hálfa fjölskylduna eftir þegar maður fer til útlanda. Ég myndi aldrei leggja aftur svona langa einangrun á hundana mína.“

sighvatur@frettabladid.is



Ný veröld á hverjum degi.
Audi Q5.
Tilkomumikið útlit, framsækin tækni og kraftur.
Þú fellur fyrir Q5 á augnabliki.
Audi Q5
#audiauglýsing
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/audisalur
Audi Q5.
Design quattro.
Verð 7.990.000 kr.
Verð með aukabúnaði áður ~~9.840.000~~ kr.
Afsláttur 1.850.000 kr.
· Innfellanlegt dráttarbeisli
· Leðurklætt aðgerðastýri
· Rafmagn í framsætum
· Milano leðuráklæði
· Rafdrifin opnun á afturhlera
· 18” álfelgur
· Nálgunarvarar að framan & aftan
· Bakkmyndavél
· Audi Sound System 180W
· 10 hátalarar
· Dökkar rúður
· LED aðalljós
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is / 590 5000
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Fimmtíu lyfja- og hópnauðganir tilkynntar til Stígamóta í fyrra

**KYNFERÐISBROT** Tilkynnt var um 27 lyfjanauðganir í fyrra þar sem brotaþola var byrluð ólyfjan og 23 hópnauðganir þar sem gerendur voru fleiri en einn. Færri leituðu þó til Stígamóta í fyrra vegna kynferðisofbeldis en árið áður.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Stígamóta sem kynnt var í gær.

Af þeim sem leituðu til Stígamóta í fyrra voru 47 karlmenn og 311 konur. 35,6 prósent komu vegna nauðgunar, 18 prósent vegna sifjaspella, 9,9 prósent vegna nauðgunartilraunar, 22,3 prósent vegna kynferðislegrar áreitni, 6,1 prósent vegna stafræns kynferðisofbeldis, 3,5 prósent vegna kláms, og 1,8 prósent vegna vændis.

Íslendingar voru í stærstum hluta þeirra sem leituðu til Stígamóta eða um 94 prósent.

Meira en helmingur þeirra sem leituðu til Stígamóta var á aldrinum 18 til 39 ára, en ofbeldið hófst hjá 70 prósentum þeirra sem til þeirra leituðu fyrir 18 ára aldur. Eru það svipaðar niðurstöður og hafa komið fram í ársskýrslum fyrri ára, en þekkt er að fólk leiti sér ekki aðstoðar fyrr en mörgum árum eftir að brotið er á því. Aðeins fóru 7,8 prósent mála þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta til opinberra aðila. – smj

**94%**

**þeirra sem leituðu aðstoðar hjá Stígamóta á árinu 2018 voru Íslendingar.**



Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þjóðkjörnir fá ekki hækkun

**KJARAMÁL** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis minnisblað, með samþykki ríkisstjórnarinnar, þar sem hann leggur til tvær breytingar á frumvarpi til breytinga á lögum vegna brottfalls laga um kjararáð.


Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Það felur meðal annars í sér að launahækkun þjóðkjörinna fulltrúa þann 1. júlí næstkomandi komi ekki til framkvæmda. Þá óskar Bjarni eftir heimild í eitt skipti til að hækka laun þjóðkjörinna fulltrúa, þingmanna, ráðherra og forseta Íslands, þann 1. janúar 2020 til samræmis við áætlaða breytingu á launum þann 1. júlí 2020.

Jafnframt er lagt til að ákvæði um heimild ráðherra til að hækka laun 1. janúar til samræmis við áætlaða breytingu á launum 1. júlí verði fellt út en ákvæðið er í nokkrum greinum frumvarpsins. Laun þjóðkjörinna fulltrúa hækkuðu sem kunnugt er um allt að 44 prósent haustið 2016. – smj

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Telur alvarlegt ef fólki er talin trú um hluti sem eru ósannir

**Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir mikilvægt að glöggva sig á gögnum um þriðja orkupakkann. Varhugavert sé að afvegaleiða umræðuna svo hún snúist um veruna í EES eða ESB. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, telur þriðja orkupakkann vera lið í einkavæðingu Landsvirkjunar.**

**ALÞINGI** Umræðu um þriðja orkupakkann var fram haldið á Alþingi í gær. Þingmenn Miðflokksins og Flokks fólksins eru efins um þingsályktunartillöguna á meðan hinir flokkarnir munu samþykkja tilskipunina nokkuð örugglega.

Í umræðunni í gær kom berlega í ljós að andstæðingar tilskipunarinnar fundu henni allt til foráttu og töldu að Íslendingar myndu hæglega tapa yfirráðum sínum yfir orkuauðlindum landsins.

Inga Sæland, formaður flokks fólksins, segir þriðja orkupakkann í raun þriðja skrefið af fimm í því að útlendingar, án þess að nefna hverjir það eru, nái yfirráðum hér í orkumálum, festi okkur á innri orkumarkaðinn og leggi sæstreng hingað til lands. Að þriðji orkupakkinn sé í raun liður í einkavæðingu Landsvirkjunar.

„Það er alveg á hreinu að orkuauðlindir okkar og markaður þeirra var á engan hátt felldur inn í innri markað ESB þegar við gerðum EES-samninginn á sínum tíma," sagði Inga. „Ísland er eyja úti í Atlantshafi. Við búum yfir eftirsóknarverðum og verðmætum orkuauðlindum, við höfum næga orku sem er að mestu endurnýjanleg og okkur hefur tekist að halda þannig á málum að verðið á raforku er með því lægsta sem þekkist."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, var ein þeirra sem töluðu fyrir frumvarpinu úr hópi stjórnarandstöðunnar. Sagði hún mikilvægt að menn kynntu sér gögnin sem liggja fyrir til að glöggva sig á málinu. Hún benti einnig á að formenn Viðreisnar og Samfylkingar hefðu átt samræður við ríkisstjórnina um að greiða fyrir þessu máli með stuðningi. Í lok ræðunnar sagði hún alvarlegt ef væri vísvitandi verið að reyna að afvegaleiða eða plata fólk.

„Við skulum taka umræðu um að vera innan eða utan EES á öðrum vettvangi og á öðrum forsendum," segir Þorgerður Katrín. „Það á ekki að fara bakdyramegin að fólki og telja því trú um eitthvað sem ekki er satt og rétt.

„Er þetta það nauðsynlegasta sem Alþingi þarf að fást við núna, að innleiða einhver lög sem við fáum í pósti sem varða ekki Ísland," bætti Inga Sæland við í sinni ræðu. „Sem er algjör óþarfi og ef trúa má stuðningsmönnum þriðja orkupakkans þá hreinlega skiptir þessi tilskipun engu máli," segir Inga Sæland einnig.

sveinn@frettabladid.is

## Algengar fullyrðingar um þriðja orkupakkann

Fréttablaðið skoðaði sannleiksgildi algengra fullyrðinga um orkupakkann og leitaði svara í þingskjölum um málið og í lögfræðiálitum sem unnin hafa verið.

| **Fullyrðing:** Líkur aukast á lagningu sæstrengs verði orkupakkinn innleiddur. | **Fullyrðing:** Innleiðingin felur í sér framsal valds til erlendra stofnana. | **Fullyrðing:** Innleiðing stuðlar að einkavæðingu orkufyrirtækja í þjóðareigu. |
|---|---|---|
| | **Staðreyndir málsins** | |
| ■ Sæstrengur verður ekki lagður frá Íslandi nema með samþykki Alþingis.*<br>■ Innleiðingin felur ekki í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar til að leggja sæstreng eða verða hluti af hinum sameiginlega raforkumarkaði. | ■ Þær reglur sem varða valdaframsal til ESA lúta að aðgangi að grunnvirkjum yfir landamæri. Slíkum grunnvirkjum, t.d. sæstreng, hefur ekki verið komið á fót hér á landi.<br>■ Reglurnar hafa því ekkert vægi hér á landi, nema sæstrengur verði lagður.*<br>■ Til að leggja megi sæstreng, þyrfti fyrst að setja lög að undangenginni vandlegri skoðun á mögulegu valdaframsali. | ■ Reglur þriðja orkupakkans eða samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar um aðlögun hans að samningunum skerðir ekki á nokkurn hátt eignarrétt á orkuauðlindum á Íslandi. Hvergi er að finna neitt í reglunum sem um ræðir sem gefur tilefni til að draga slíka ályktun.* |
| * Frumvarp iðnaðarráðherra um innleiðingu reglnanna. | * Álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar og Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst. | * Lögfræðiálit Birgis Tjörfa Péturssonar lögmanns til stjórn- |




# Ekki verður fjölgað í Landsrétti í bili

**DÓMSMÁL** Ekki verður brugðist við vanda Landsréttar að svo stöddu en fjórir dómarar af fimmtán taka ekki þátt í dómstörfum við réttinn eftir að Mannréttindadómstóll Evrópu, MDE, kvað upp dóm í Landsréttarmálinu 12. mars. Eins og greint var frá í gær ætla stjórnvöld að leita endurskoðunar á dóminum til efri deildar MDE.

„Ég mun áfram skoða aðra fleti málsins en á þessu stigi verða ekki teknar frekari ákvarðanir. Í því felst að ekki verður lagt fram frumvarp um fjölgun dómara við Landsrétt að svo stöddu eða teknar ákvarðanir um aðrar útfærslur vegna Landsréttar að svo stöddu," segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir dómsmálaráðherra í svari til Fréttablaðsins.

Stjórnarformaður dómstólasýslunnar telur afar brýnt að brugðist verði við vanda Landsréttar án tafa, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. Dráttur fari að verða á meðferð mála við dóminn og vandinn verði erfiður viðureignar fái hann að vinda upp á sig.


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, dómsmálaráðherra frá því í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tilkynningunni í gær sagði dómsmálaráðherra að málinu verði vísað til efri deildar MDE í ljósi þess hve mikilvæga hagsmuni það snerti hér á landi.

„Málið snertir mikilvæga hagsmuni hér á landi enda snertir dómur MDE dómsvaldið á Íslandi og íslenska stjórnskipan," segir Þórdís Kolbrún í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um til hvaða mikilvægu hagsmuna ráðherra sé að vísa. Hún tíundar þá hagsmuni ekki frekar.

Í svarinu segir ráðherra einnig að málið veki veigamiklar spurningar um túlkun og framkvæmd mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Dómurinn hafi ekki aðeins áhrif hér á landi heldur einnig um alla Evrópu hvað varðar spurningar um það hvort skipan dómstóla sé ákveðin með lögum í þeim skilningi sem lagður er til grundvallar í niðurstöðu meirihlutans. – aá

# Við semjum

Í tilefni af tímamótasamningum verður vöffluilmur í loftinu hjá Hyundai í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.

Afsláttur allt að
**550.000 kr.**




**Hyundai i10 Comfort**
Bensín, beinskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 1.940.000 kr.**
Verð áður: 2.090.000 kr.
**AFSLÁTTUR 150.000 kr.**

**Hyundai i20 Classic**
Bensín, beinskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 2.090.000 kr.**
Verð áður: 2.290.000 kr.
**AFSLÁTTUR 200.000 kr.**

**Hyundai KONA Comfort**
Bensín, sjálfskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.840.000 kr.**
Verð áður: 4.190.000 kr.
**AFSLÁTTUR 350.000 kr.**

**Hyundai Tucson Classic**
Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 4.540.000 kr.**
Verð áður: 4.990.000 kr.
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
**AFSLÁTTUR 450.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe Comfort**
Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 7.240.000 kr.**
Verð áður: 7.790.000 kr.
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
**AFSLÁTTUR 550.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM93390

## Verið velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur í dag.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

FYLGIR VÖLDUM JEPPUM Í APRÍL
FERÐAPAKKI

JEPPA DAGAR

FERÐAPAKKINN INNIHELDUR
▪ ÞVERBOGA ▪ FARANGURSBOX ▪ DRÁTTARBEISLI


993532
**KIA**
Sorento EX
Árgerð 2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**3.990.000 kr.**


292045
**Mercedes-Benz**
ML 350 4MATIC
Árgerð 2013, ekinn 82 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**5.990.000 kr.**


341150
**KIA**
Sorento Premium
Árgerð 2017, ekinn 42 þús. km, dísil, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**6.490.000 kr.**


993548
**Mercedes-Benz**
GL 350 4MATIC
Árgerð 2014, ekinn 98 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**9.790.000 kr.**


994001
**KIA**
Sportage EX
Árgerð 2018, ekinn 2 þús. km, dísil, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**3.790.000 kr.**


993748
**KIA**
Sportage EX
Árgerð 2015, ekinn 73 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**2.990.000 kr.**


993994
**KIA**
Sportage EX
Árgerð 2013, ekinn 138 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**2.190.000 kr.**


993254
**Mercedes-Benz**
GLA 200 4MATIC
Árgerð 2017, ekinn 5 þús. km, bensín, 184 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð
**6.690.000 kr.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
Opið:
Fim-Fös 10-18
Laugardag 12-16
Klettháls 2 • 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is




**Áætlað hefur verið að kostnaður Boeing við kyrrsetningu 737 MAX 8 vélanna á heimsvísu nemi milljarði dala. Fyrirtækið kunni að þurfa að greiða mismun á rekstrarkostnaði og leigu nýrra véla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Óljóst hvernig Boeing hyggst bæta tjónið

**Sérfræðingar telja líklegt að framleiðandinn þurfi að greiða mismuninn á rekstrarkostnaði vegna flugvéla og leigu á nýjum eftir kyrrsetningu 737 MAX 8. Icelandair segir ekki liggja fyrir hvernig komið verði til móts við félagið.**

**FLUGSAMGÖNGUR** Erlendir sérfræðingar telja líklegt að flugvélaframleiðandinn Boeing muni þurfa að greiða mismuninn á rekstrarkostnaði hinna kyrrsettu Boeing MAX 8 véla fyrirtækisins og þeirra véla sem flugfélög þurfa að nota í millitíðinni. Sömuleiðis er talið að Boeing verði krafið um leigukostnað á vélum meðan MAX 8 eru kyrrsettar. Flugfélög muni í það minnsta eiga kröfu á hendur framleiðandanum. Sú krafa gæti verið svimandi há. Icelandair segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki liggi fyrir hvernig Boeing komi til móts við félagið.

Ken Herbert, greinandi hjá Canaccord, dró upp þá sviðsmynd nýverið í Japan Times að í besta falli muni kyrrsetningin vélanna vara í sex til átta vikur. Áætlaði hann kostnað Boeing við að dekka rekstrarmismun og leigukostnað þeirra flugfélaga sem eru með hátt í 350 MAX 8 vélar á jörðinni yfir það tímabil um einn milljarð Bandaríkjadala, eða sem nemur nærri 120 milljörðum íslenskra króna. Í næstu viku verður kominn mánuður síðan vélarnar voru allar kyrrsettar.

> **Það liggur ekki fyrir hvernig Boeing muni koma til móts við félagið í tengslum við kyrrsetningu MAX-vélanna.**
>
> Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair



Mismunurinn er tilkominn vegna þess að MAX 8 vélarnar eru mjög hagkvæmar í rekstri, sérstaklega með tilliti til þess að þær eru eyðslugrannar á eldsneyti samanborið við aðrar eldri vélar sem mörg félög hafa nú þurft að taka í notkun á ný.

Icelandair missti sem kunnugt er þrjár MAX 8 þotur úr leik með kyrrsetningunni en hefur á móti verið að leigja Boeing 767 vélar. Aðspurð um hvort Boeing sé að greiða leiguna á þeim, segir Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, svo ekki vera.

„Það liggur ekki fyrir hvernig Boeing muni koma til móts við félagið í tengslum við kyrrsetningu MAX-vélanna.“

Enn hefur ekkert opinberlega verið gefið út um niðurstöður rannsókna á vélunum en ýmsir af stærstu fjölmiðlum veraldar, á borð við New York Times og BBC, hafa fjallað um að flest bendi til að slysin tengist galla í tilteknum skynjurum vélanna (e. angle of attack sensors) sem hafi gefið rangar upplýsingar um að halli vélanna hafi verið of brattur þegar hann var í raun eðlilegur. Það hafi aftur orðið til þess að svokallað MCAS-kerfi vélanna hafi leitast við að leiðrétta flugið og þrýst nefi þeirra niður.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í lok síðasta mánaðar eru forráðamenn Icelandair að skoða hvernig brugðist verði við ef kyrrsetning MAX 8 vélanna dregst á langinn. Félagið átti von á sex nýjum vélum í ár frá Boeing. **mikael@frettabladid.is**

# Stefnt á aukna efnistöku úr Ingólfsfjalli

**UMHVERFISMÁL** Fyrirhugað er að stækka Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli á næstu árum og vinna meira efni úr fjallinu til framkvæmda á Suðurlandi. Fulltrúi landeigenda og framkvæmdaaðili hafa kynnt Árborg og Ölfusi framkvæmdaáætlanir vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Bæjarráð Árborgar fagnar stækkuninni.

Á síðasta fundi bæjarráðs Árborgar var málið tekið fyrir. „Bæjarráð fagnar þeirri vinnu sem farin er af stað í þessum efnum enda eru miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélagið að náman verði starfrækt í sátt til framtíðar,“ segir í bókun fundarins.

Eggert Valur Guðmundsson, formaður bæjarráðs Árborgar, segir það skipta miklu máli að ná efni þarna úr fjallinu. „Það sem vakir helst fyrir okkur er mikilvægi þess að ná í efni stutt frá framkvæmdum í stað þess að þurfa að ná í efni lengra frá. Ef við þyrftum að gera það þá væri líklegt að húsnæðisverð yrði hærra sem og að allar framkvæmdir í bæjarfélaginu yrðu mun dýrari en nú er. Því er þetta hagsmunamál okkar að hægt sé að ná í efni í sátt við umhverfið á þessum stað,“ segir Eggert Valur.



**Eggert Valur Guðmundsson,** formaður bæjarráðs Árborgar.



**Auður Önnu Magnúsdóttir,** framkvæmdastjóri Landverndar.

Landvernd hefur um langa hríð barist gegn þessum framkvæmdum og segir þær óafturkræfar með öllu. Skipulagsstofnun hafi einnig á síðasta áratug gefið afar neikvætt álit um framkvæmdirnar en leyfisveitandinn, Árborg, hafi farið gegn álitinu.

„Við höfum alla tíð barist gegn þessum framkvæmdum í Ingólfsfjalli með þessum árangri, það er að segja, engum,“ segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar.

Eggert Valur er sammála því að auðvitað sé námuvinnsla í fjallinu ekki til þess fallin að fegra fjallið. „Auðvitað er þetta lýti, en það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum,“ segir Eggert Valur. „Hins vegar höfum við séð tölvumyndir af svæðinu og þegar framkvæmdatíma lýkur á þetta nú að líta ágætlega út.“ **– sa**

# Bílanaust

## Á FULLRI FERÐ

# VORIÐ KALLAR Á ÞIG

**Bílanaust er eitt öflugasta vörumerki landsins með bílatengdar vörur og varahluti. Við stöndum undir merkjum og erum búin að troðfylla búðirnar af gæðavörum og veitum þér frábæra þjónustu á sex stöðum á landinu. Komdu við í Bílanaust og settu mótorinn á fulla ferð í vor.**

**25% afsláttur**
Osram perur



**585 kr.**
Rúðuvökvi
-18 °C
Tilboð




**15% afsláttur**
Brenderup
kerrur



**25% afsláttur**
Barnabílstólar



**25% afsláttur**
Bónvörur

MOTHERS Polishes•Waxes•Cleaners
ARMOR ALL
Turtle WAX
SONAX

**20% afsláttur**
Varta
rafgeymar

Mikið
úrval



**20% afsláttur**
Varahlutir



**25% afsláttur**
Bremsudiskar
og klossar



**25% afsláttur**
Gæðaolíur frá
Kroon oil

KROON OIL

**20% afsláttur**
Verkfæri



**20% afsláttur af öllum aukahlutum fyrir kerrur og fullt af öðrum frábærum tilboðum í verslunum okkar.**
**Gildir frá 10. til 17. apríl eða á meðan birgðir endast.**

**bilanaust.is**
**Fullkomin vefverslun með einfaldri leit.**
**Þú slærð inn bílnúmerið, við finnum varahlutina og sendum þér heim að dyrum.**

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Krossmóum 4
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Lyngási
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

HYUNDAI Notaðir

# ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Eigum nokkra yfirfarna nýlega Hyundai hjá okkur í Kauptúni 1, Garðabæ sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR


Rnr. 121695

**HYUNDAI i20 Comfort**
Nýskr. 07/15, ekinn 45 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ: 1.790.000 kr.**


Rnr. 430271

**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 05/17, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ: 5.390.000 kr.**


Rnr. 121674

**HYUNDAI i10 Classic**
Nýskr. 03/16, ekinn 20 þ.km, bensín, beinskiptur.
**VERÐ: 1.350.000 kr.**


Rnr. 121645

**HYUNDAI i30 Classic**
Nýskr. 01/15, ekinn 41 þ.km, dísil, beinskiptur.
**VERÐ: 1.990.000 kr.**


Rnr. 391775

**HYUNDAI Tucson Style**
Nýskr. 02/16, ekinn 70 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ: 3.890.000 kr.**


Rnr. 121672

**HYUNDAI IONIQ PHEV Style**
Nýskr. 01/19, ekinn 1 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**VERÐ: 4.390.000 kr.**


Rnr. 121694

**HYUNDAI i30 Comfort**
Nýskr. 03/18, ekinn 18 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ: 3.490.000 kr.**


Rnr. 121603

**HYUNDAI i10 Style**
Nýskr. 03/17, ekinn 48 þ.km, bensín, beinskiptur.
**VERÐ: 1.690.000 kr.**

HYUNDAI
Hyundai notaðir bílar
Kauptúni 1 - 210 Garðabæ

bílaland
Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík

Sími: 575 1200 - bilaland@bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 virka daga og á laugardögum frá kl. 12–16.**

ENNEMM / SÍA / NM93457

# Lýstu báðir yfir sigri

**Tveir turnar eru nú í ísraelskum stjórnmálum ef marka má útgönguspár í gærkvöldi. Niðurstöður ekki ljósar þegar Fréttablaðið fór í prentun. Útlit var fyrir að stjórn Netanjahús héldi velli en flokkur Benny Gantz yrði stærstur.**

**ÍSRAEL** Útgönguspár um ísraelsku þingkosningarnar sem birtust í gærkvöldi sýndu ólíka mynd af kosningunum og enn var hvorki ljóst hvaða flokkur verður stærstur á þingi né hvort meirihluti hægri flokka undir stjórn Líkúd-flokksins og Benjamíns Netanjahú forsætisráðherra héldi meirihluta þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Ljóst er miðað við útgönguspárnar að kosningar gærdagsins voru þær mest spennandi í langan tíma. Kahol Lavan, framboð mið- og vinstriflokka undir stjórn fyrrverandi hershöfðingjans Benny Gantz, virtist í gærkvöldi hafa steypt Líkúdflokknum af stóli og bentu þrjár af fjórum stórum útgönguspám til þess að flokkurinn yrði stærstur. Ein sýndi jafna stöðu.

Kosningabaráttan snerist að miklu leyti um væntanlegar spillingarákærur gegn Netanjahú. Á lokasprettinum reyndi Netanjahú hins vegar að sannfæra kjósendur um að til þess að fyrirbyggja vinstristjórn þyrfti að kjósa Líkúd.

Ísraelsmenn búa hins vegar ekki við tveggja flokka stjórnmál og hvorugur flokkanna fékk meirihluta á hinu 120 sæta þingi. Flestar útgönguspár bentu til þess að hægriflokkarnir sem sitja með Líkúd í samsteypustjórn myndu halda velli. Netanjahú lýsti þar af leiðandi yfir sigri í gærkvöldi.

„Hægri blokkin undir forystu Líkúd hefur unnið mikinn sigur. Ég þakka Ísraelum fyrir traustið og mun hefja myndun hægristjórnar með eðlilegum samstarfsflokkum strax í nótt,“ sagði Netanjahú.


**Benny Gantz á kjörstað í borginni Tel Avív í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt ísraelska miðlinum Haaretz einblíndu Kahol Lavanliðar á þá útgönguspá sem sýndi jafna stöðu fylkinganna tveggja á þinginu á kosningavöku sinni í gærkvöld. Gantz fagnaði sigri líkt og Netanjahú.

„Við höfum unnið. Ísraelska þjóðin hefur tekið ákvörðun. Ég vil þakka þúsundum aktívista og rúmri milljón kjósenda. Það er skýr sigurvegari í þessum kosningum. Netanjahú hét því að hann fengi fjörutíu sæti og hefur tapað. Forsetinn getur séð stöðuna og ætti að kalla eftir því að sigurvegarinn myndi næstu stjórn. Annað er ekki í boði,“ sagði Gantz.

Hvort sem Kahol Lavan fær 36 eða 37 sæti á þingi, líkt og útgönguspár bentu til, er ljóst að framboðið er óumdeilanlega hástökkvari kosninganna. Kahol Lavan hefur þannig rúmlega þrefaldað sig frá síðustu kosningum.

Ekki er búist við því að stjórnarmyndun takist strax í dag enda þarf Netanjahú að sannfæra minni flokka á hægri vængnum og mögulega öfgaflokkinn Zehut einnig. Formaður þess flokks hefur sagst enga skoðun hafa á hvort Gantz eða Netanjahú stýri landinu.

Aukinheldur gæti það skekkt stöðuna talsvert ef minni flokkar, til að mynda Zehut, á hvorum vængnum fyrir sig ná ekki upp fyrir 3,25 prósenta þröskuldinn.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Neyðarástand í New York-borg

**BANDARÍKIN** Yfirmaður heilbrigðissviðs New York-borgar lýsti í gær yfir neyðarástandi í fjórum póstnúmerum Williamsburg-hverfis í Brooklyn vegna mislingafaraldurs. Í yfirlýsingu þess efnis sagði að 250 tilfelli hefðu greinst frá því í september síðastliðnum.

Öll þau sem búa í eða sækja vinnu í póstnúmerin fjögur þurfa að láta bólusetja sig við mislingum innan tveggja sólarhringa frá því að neyðarástandinu var lýst yfir. Hafa sem sé þangað til á morgun nema þau geti sýnt fram á ónæmi eða að þau megi ekki láta bólusetja sig af heilsufarsástæðum.

Bill de Blasio borgarstjóri boðaði til blaðamannafundar vegna málsins í gær og sagði að mögulega yrðu þau sem ekki hlýða skipun heilbrigðissviðsins sektuð. „Þetta er miðpunktur afar erfiðs mislingafaraldurs sem þarf tafarlaust að takast á við. Bóluefnið við mislingum virkar, er öruggt og hefur staðist tímans tönn,“ sagði borgarstjórinn.

Nýlega var neyðarástandi lýst yfir í Rockland-sýslu New York-ríkis vegna mislingafaraldurs og var óbólusettum börnum og ungmennum bannað að vera á meðal almennings. Hæstaréttardómari felldi neyðarástandið úr gildi fyrir helgi en yfirvöld í sýslunni hafa heitið því að finna nýja nálgun. – **þea**

**Gildi – lífeyrissjóður**
*Ársfundur 2019*

*Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 11. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúarráð, að jöfnu skipað fulltrúm stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
www.gildi.is




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535







# Menning fyrir börnin

Barnamenningarhátíð hófst í Reykjavík í gær. „Vettvangur hátíðarinnar er borgin öll og fara fjölbreyttir viðburðir fram í grunnskólum, leikskólum, frístundamiðstöðvum, menningarstofnunum og víðar. Í ár býður Breiðholt heim og verður Ævintýrahöllin í Gerðubergi þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra,“ segir í tilkynningu. Hátíðin var sett í Hörpu í gær.





FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Móðgunin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Yfirleitt er það svo, eins og margir hafa rekið sig á í lífinu, að mun betra er að muna eftir kurteisinni en að gleyma henni. Þáttur í almennri kurteisi er að stilla sig um að steypa svívirðingum yfir fólk. Þetta á við í daglegri umgengni þar sem fólk hittist augliti til auglitis, en ekki síður á samfélagsmiðlum þar sem fólk sýnir oft furðu mikið dómgreindarleysi. Töluð orð verða ekki aftur tekin og svívirðingar sem skrifaðar eru á Facebook geta kallað veruleg vandræði yfir þann sem það gerir. Þetta er nokkuð sem fólk ætti að vera meðvitað um en gleymist iðulega í hita leiksins þegar tilfinningarnar taka völdin, stundum með ansi vondum afleiðingum.

Þessu hefði hún betur áttað sig á, Laleh Shahravesh, sem býr í Bretlandi og er komin í heimsfréttir vegna gamalla Facebook-færslna. Fyrir þremur árum missti hún stjórn á sér þegar hún sá brúðkaupsmynd af eiginmanni sínum fyrrverandi og nýju konunni hans. „Þú yfirgafst mig fyrir þetta hross,“ skrifaði hún á Facebook og þar sem hún var bálvond ítrekaði hún þessi orð sín nokkru seinna og skrifaði: „Þú kvæntist hrossi, fávitinn þinn.“

Orð eins og þessi eru ekki til eftirbreytni, en konunni til afsökunar má segja að afbrýðisemin, hið græneygða skrímsli eins og Shakespeare kallaði hana, hafi haft hana í heljargreipum sínum. Ekkert benti þó til að svívirðingar eiginkonunnar myndu hafa einhver eftirmál, önnur en þau að gera hinum fyrrverandi og nýju konunni gramt í geði. Eiginmaðurinn fyrrverandi bjó í Dúbaí með hinni nýju heittelskuðu og rétt er að taka fram, þótt það sé ekki aðalatriði málsins, að sú minnir engan veginn á hross.

Fyrir skömmu lést eiginmaðurinn skyndilega langt um aldur fram úr hjartaáfalli og eiginkonan fyrrverandi ákvað að mæta í jarðarför hans í Dúbaí ásamt unglingsdóttur þeirra. Því hefði hún betur sleppt því hún var ekki fyrr komin til Dúbaí en ekkjan kærði hana fyrir netníð. Laleh var svipt vegabréfi, kyrrsett í Dúbaí og á yfir sér tveggja ára fangelsi og háa sekt. Nýjustu fréttir herma að nýja eiginkonan íhugi að draga kæruna til baka. Laleh segir að jafnvel þótt þær verði lyktir málsins þá sé líf hennar í rúst. Hún sé peningalaus eftir að hafa orðið að búa á hóteli í Dúbaí í rúman mánuð, búin að missa leiguíbúð sína í Bretlandi og vinnuna sömuleiðis. Orð sem hún skrifaði í reiðikasti í Bretlandi eltu hana alla leið til Dúbaí þar sem ekkja í hefndarhug beið hennar.

Sjálfsagt mun ekkjan sjá að sér og draga kæru sína til baka og Laleh mun sennilega vanda sig betur í framtíðinni þegar kemur að Facebook-færslum. Facebook-notendur víða um heim mættu vel íhuga þetta mál. Vitanlega er það svo að fáránlegt er að dæma fólk í fangelsi eða háa fjársekt fyrir að móðga annan einstakling. Á móti slíku á að berjast af krafti því tjáningarfrelsið á að vera mjög rúmt og þar á að vera pláss fyrir móðganir. Sem breytir þó engu um það að ansi margt sem sagt er í hita leiksins væri svo miklu betur ósagt.

**Svívirðingar sem skrifaðar eru á Facebook geta kallað veruleg vandræði yfir þann sem það gerir.**

## Halldór




Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

## Frá degi til dags

**Hræðsluáróður**

**„Við hvað eru menn hér hræddir?“ spurði Birgir Þórarinsson þingmenn í umræðum um þriðja orkupakkann. Birgir er einn þeirra sem eru á móti pakkanum. Á sama tíma og hann tekur þá meðvituðu ákvörðun að gera málið tortryggilegt og sá fræjum hræðslu og efa meðal landsmanna, ákveður hann að spyrja þingmenn af hverju þeir séu hræddir við að segja nei við tilskipuninni og hafna henni í þinginu. Ég geri mér ekki grein fyrir hvort um sé að ræða einhvers konar leik hjá háttvirtum þingmanni, en menn mega ekki láta kappið bera fegurðina ofurliði.**

**Pylsan Ingu**

**Inga Sæland sagði í umræðum í gær að orkupakkinn væri klassískt dæmi um svokallaða „pylsukenningu“. Hún sagði þriðja orkupakkann vera þriðja bitann af fimm sem þyrfti að kyngja, einum bita í einu. Þegar öllum bitunum hefði verið sporðrennt yrði ekki aftur snúið og útlendingar yrðu með tögl og hagldir á íslenskum orkumarkaði. Inga er vel að sér í mörgu en hún hefði átt að taka aðeins betur eftir þegar Steindi Jr. rappaði eftirminnilega um pylsuna, hún er nefnilega bara fjórir bitar max.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Ellilífeyrisþegar komi að kjarasamningum



Kári Jónasson
ellilífeyrisþegi og leiðsögumaður

Nú þegar alda kjarasamninga gengur yfir, bæði hjá ASÍ – félögum og senn hjá mörgum félögum opinberra starfsmanna, þá vaknar spurningin um hver semji fyrir ellilífeyrisþega þessa lands. Einfalda svarið við þessu er að það semur enginn fyrir þennan stóra hóp landsmanna. Við erum sem sagt í flokki með ungbörnum og grunnskólanemum, með allri virðingu fyrir þeim.

Samkvæmt skilgreiningu OECD teljast þeir aldraðir sem hafa náð 65 ára aldri, en hér er hins vegar miðað við 67 árin.

Mér telst til að hér á landi séu rösklega 43 þúsund einstaklingar sem eru 67 ára og eldri. 12.500 manns á aldrinum 67 ára til sjötugs og tæplega 19 þúsund á milli sjötugs og áttræðs.

Ástæðan fyrir því að ég er með þessa talnaleikfimi er sú, að margir þessara rúmlega 30 þúsund einstaklinga eru enn í fullu fjöri og meðal þeirra eru margar vinnufúsar hendur, en það má segja að hið opinbera hafi slegið á puttana á þeim vegna óskiljanlegra reglna um frítekjumark og áhrif þess á ellilífeyri. Í dag mega ellilífeyrisþegar hafa 1,2 milljónir í tekjur á ári án þess að það hafi áhrif á útreikning varðandi ellilífeyri. Þeir sem hafa meira en rúmlega 557 þúsund krónur í tekjur á mánuði fá hins vegar ekkert frá Tryggingastofnun og greiða að sjálfsögðu skatta og skyldur af sinni innkomu eins og aðrir þegnar þessa lands og eru hreinlega gullnáma fyrir „skattmann“, því hann þarf ekki að láta neitt af hendi rakna til þeirra.

Það eru hins vegar þeir sem gætu auðveldlega aflað sér meiri tekna en þessarar rösklega einnar milljónar á ári, sem brýna nauðsyn ber til að gera auðveldara að vinna meira, án þess að ellilífeyrir þeirra skerðist. Þeir munu að sjálfsögðu greiða sína skatta og skyldur af tekjum sínum eins og aðrir, en þá vantar tilfinnanlega einhvern til að semja fyrir sig. Fulltrúar þessa hóps og annarra ellilífeyrisþega ættu að vera einhvers staðar við kjarasamningaborðið, en ekki láta skammta sér úr hnefa eins og hingað til. Þetta er sanngjörn krafa tugþúsunda kvenna og karla.

**Fulltrúar þessa hóps og annarra ellilífeyrisþega ættu að vera við kjarasamningaborðið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Er reykurinn líka grænn?



Ólafur Hallgrímsson

Í auglýsingaflóðinu fyrir jólin vöktu athygli auglýsingar í sjónvarpi og blöðum frá álverum Alcoa og Norðuráli, sem auglýstu „grænasta ál í heimi“ og annað í þeim dúr.

Þar var ítrekað, að ál frá Íslandi hefði minnsta kolefnisspor í heimi, enda vandað til allra verka og notuð hrein, íslensk raforka. Losun gróðurhúsalofttegunda í lágmarki. Álverin hampa því mjög, að íslenska álið sé framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. rafmagni, og sé því mun umhverfisvænna en ál framleitt með jarðefnaeldsneyti, sem vissulega má til sanns vegar færa.

En hversu grænt er íslenska álið? Verksmiðjurnar senda frá sér útblástur, ryk, með tilheyrandi gróðurhúsalofttegundum. Um það virðist sjaldan talað og síst í jólaauglýsingum. Álver Alcoa á Reyðarfirði lætur frá sér 500.000 tonn af koltvísýringi út í andrúmsloftið árlega. Skyldi magnið vera mikið minna frá Grundartanga, þar sem einnig er járnblendiverksmiðja og ýmis annar mengandi iðnaður? Þá er ótalin eyðilegging, sem vatnsaflsvirkjanirnar skilja eftir sig í náttúrunni. Eða skyldi umturnun Lagarfljótsins, sem nú hefur breytt um lit og lögun af völdum Kárahnjúkavirkjunar, líka teljast græn á máli stóriðjumanna.

Nú hafa kísilmálmverksmiðjur bæst í hópinn með kísilverksmiðju PCC Silicon á Bakka, sem tók til starfa á liðnu ári. Sú verksmiðja mun væntanlega brenna 66 þús. tonnum af kolum árlega vegna framleiðslu sinnar, sem munu innflutt frá Suður-Ameríku með tilheyrandi kolefnisspori. Svo vart er þar um að ræða framleiðslu frá vistvænum orkugjöfum einvörðungu, enda mun verksmiðja þessi koma til með að senda meira af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sjálft álver Alcoa.

Öllum landsmönnum er í fersku minni hörmungarsaga kísilvers United Silicon í Helguvík, sem óþarft er að rekja hér, sem var lokað vegna óbærilegrar mengunar, áður en það komst almennilega í gang. Arion banki, sem fjármagnaði verksmiðjuna, hyggst nú freista þess að koma henni aftur í rekstur og verja nokkrum milljörðum í viðbót í „úrbætur“, eins og það er orðað. Eftir er að vita, hvort íbúar Reykjanesbæjar láta slíkt yfir sig ganga. Sporin hræða. En er ekki bara gott að reisa fleiri stóriðjuver á Íslandi vegna umheimsins, því þannig stuðlum við að því að færri slíkar verksmiðjur verði reistar í öðrum löndum, sem nýti kol eða olíu til framleiðslu sinnar með tilheyrandi mun meiri mengun á heimsvísu. Svo heyrist stundum sagt. Sú staðhæfing á þó við fá rök að styðjast, enda ekki verið sýnt fram á neitt slíkt samhengi. Aðrar þjóðir fara sínu fram, hvað sem okkur líður hér úti í Atlantshafi. Sannleikurinn er sá, að það er ákaflega lítið grænt í stóriðjustefnunni, þar ráða önnur öfl för, semsé peningar og gróðafíkn eigendanna, sem engin mörk þekkja.

Reykurinn frá strompum stóriðjuveranna er ekki grænn, heldur svartur og óhollur. Breytir þar litlu, þótt skorsteinar séu hækkaðir og mengun dreift yfir stærra svæði. Það sem upp fer, kemur aftur niður. Andrúmsloftið tekur ekki óendanlega við, án þess það hafi afleiðingar, það er nú orðið öllum ljóst og afleiðingarnar þegar farnar að segja til sín. Vísindamenn um allan heim stíga nú fram og vara við hættunni, verði ekkert róttækt gert í loftslagsmálum nú þegar.

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulagið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent til ársins 2030. Þar er nær ekkert minnst á stóriðjuna, hún er undanskilin, enda höfum við komið stóriðjunni út úr okkar mengunarbókhaldi og sett hana undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir, þar sem verslað er með mengunarkvóta. Þess vegna minnist umhverfisráðherrann varla á stóriðjuna, þótt viðurkennt sé, að hún leggi til hátt í helming af allri losun koltvísýrings á Íslandi og noti um 80% af allri innlendri raforkuframleiðslu.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði hefur aukist gríðarlega milli áranna 1990 og 2017, sem að stærstum hluta má rekja til uppbyggingar stóriðju síðustu áratugina. Hvernig við ætlum að ná markmiðum okkar í loftslagsmálum með því að halda áfram á sömu braut, er sjálfsagt mörgum torskilið. Hljótum við ekki að bera ábyrgð á allri okkar losun, hvernig sem hún er tilkomin. Annað er blekkingarleikur. Nú reynir á ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála. Hvað hyggst hún fyrir? Ætlar hún að gefa grænt ljós á áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu, þar með talið United Silicon í Helguvík? Hvort á að vega þyngra á metaskálunum, heilsa fólks eða fjárhagslegir hagsmunir banka og peningamanna? Grunar mig, að margir stuðningsmenn VG vilji fá skýr svör við þessum spurningum og sem fyrst.

Við Íslendingar erum fámenn þjóð, en getum engu að síður látið rödd okkar heyrast í samfélagi þjóðanna. Umhverfismálin eru að verða mál málanna um heimsbyggð alla. Á því sviði getum við verið öðrum og stærri þjóðum fyrirmynd og fordæmi, sem eftir yrði tekið og haft þannig áhrif til góðs á heimsvísu. Það gerum við ekki með því að reisa fleiri stóriðjuver.


Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi




**Harpa** Silfurberg, föstudagur 12. apríl kl. 13:00–15:00

**Ávörp:**
**Jens Garðar Helgason**
*formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi*

**Kristján Þór Júlíusson**
*sjávarútvegsráðherra*

**Afhending hvatningarverðlauna sjávarútvegsins**

**Afhending styrkja úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins**

**Fundurinn er öllum opinn**

**Erindi:**
Kolefnisspor sjávarútvegsins – hvernig má gera betur?
**Birna Sigrún Hallsdóttir** *umhverfisverkfræðingur hjá Environice*

Hafa umhverfismál áhrif á neytendur?
**Ólafur Elínarson**
*sviðsstjóri markaðsrannsókna hjá Gallup*

Tækifæri Íslands í breyttum heimi
**Pétur Þ. Óskarsson**
*framkvæmdastjóri Íslandsstofu*

Samantekt
**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri SFS*

Fundarstjóri
**Agnes Guðmundsdóttir**
*markaðsstjóri Icelandic Asia og formaður Félags kvenna í sjávarútvegi*

sfs.is

# Rennum nokkuð blint í sjóinn

**Ísland leikur tvo lykilleiki á vegferð sinni í átt til þess að komast í undankeppni EM 2021 í handbolta karla þegar liðið leikur við Norður-Makedóníu heima og að heiman. Fyrri leikurinn er í Laugardalshöllinni í kvöld og sigur kemur liðinu í ansi góða stöðu.**




**Guðmundur Guðmundsson fer yfir málin með leikmönnum á æfingu íslenska liðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta fær Norður-Makedóníu í heimsókn í undankeppni EM 2021 í Laugardalshöllina í kvöld. Þetta er fyrri leikur af tveimur í þessum legg en liðin leika í Skopje á sunnudaginn. Ísland er taplaust á toppi riðilsins fyrir þessa leiki eftir sigur gegn Grikklandi og Tyrklandi í fyrstu tveimur leikjum sínum. Efstu tvö liðin fara beint áfram á Evrópumótið og þriðja sætið getur gefið sæti í lokakeppninni.

Norður-Makedónía og Grikkland eru í öðru til þriðja sæti riðilsins. Það er þar af leiðandi ljóst að sigur í kvöld er ansi mikilvægur og tveir sigrar í þessum komandi verkefnum geta tryggt sætið sem stefnt er að því að ná. Þá skiptir hvert stig máli fyrir næstu undankeppnir á eftir þessari, það er fyrir Ólympíuleika og heimsmeistaramót. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins, var að vanda einbeittur og skilvirkur þegar hann var að undirbúa íslenska liðið á æfingu þegar Fréttablaðið bar að garði.

„Þetta eru ofboðslega mikilvægir leikir fyrir okkur og við gerum okkur fyllilega grein fyrir mikilvægi þeirra. Þetta verða líka hörkuleikir eins og ávallt þegar þessi lið mætast. Liðin hafa mæst ótrúlega oft á síðustu árum og leikurinn á HM í janúar var til að mynda mjög erfiður. Leikir okkar í gegnum tíðina hafa verið jafnir og erfiðir enda eru þeir með þrælgott lið. Ég var mjög ánægður með að ná að kreista fram sigur í þeim leik. Þeir hafa hins vegar skipt um þjálfara síðan þá og við vitum í raun ekkert hvað við erum að fara út í. Það er hvort þeir muni til dæmis spila jafn mikið 7 á 6 sóknarlega og þeir hafa gert undanfarið og hvaða varnarafbrigði þeir muni brydda upp á,“ segir Guðmundur en Danilo Brestovac tók við þjálfun af Spánverjanum Raúl Gonzalez nýverið.

> Þetta eru ofboðslega mikilvægir leikir fyrir okkur og við gerum okkur grein fyrir því.
>
> Guðmundur Þórður Guðmundsson

„Landsliðsþjálfarar hafa hins vegar skamman tíma til þess að undirbúa sig þannig að ég býst ekki við því að hann umbylti því hvernig þeir hafa spilað. Maður veit hins vegar ekkert hvað mun gerast og við verðum að vera við öllu búnir. Það eina sem við vitum er að þeir hafa mjög góðu liði á að skipa og geta sært varnir andstæðinga sinna á marga mismunandi vegu. Þeir eru með Kiril Lazarov sem stýrir sóknarleiknum ótrúlega vel og getur skorað mörk upp úr engu og hornamanninn Dejan Manaskov og skyttuna Filip Taleski sem mynda mjög öflugan vinstri væng. Hægri vængurinn er líka fínn þannig að það er mikil breidd í þeirra sóknarvopnum. Þá er mjög erfitt að eiga við Stojanche Stoilov inni á línunni og markvörðurinn Borki Ristovski getur lokað markinu þegar sá gállinn er á honum. Leikmenn þeirra eru að spila með toppliðum á borð við Veszprém, Vardar, Nantes og Rhein-Neckar Löwen og þeir eiga leikmenn sem spila víðs vegar um Evrópu,“ segir hann enn fremur.

Guðmundur segir að allir leikmenn íslenska liðsins séu klárir í slaginn en Guðjón Valur Sigurðsson hafi glímt við veikindi undanfarna daga sem hann muni hrista af sér í tæka tíð. Það mun mikið mæða á Ólafi Gústafssyni í vörn íslenska liðsins en línumenn makedónska liðsins eru engin lömb að leika sér við og útilínan brögðótt, klók og með mikla skotógn. Ólafur segir íslensku vörnina þurfa að vera líkamlega og andlega sterka í leiknum.

„Við erum bara mjög spenntir fyrir þessum leik og erum staðráðnir í að vinna. Þó svo að við þekkjum makedónska liðið vel eftir að hafa mætt því oft síðustu ár þá vitum við ekki alveg hverju við eigum von á að þessu sinni.

Það eina sem er algerlega á hreinu er að þeir eru líkamlega sterkir og það er ofboðslega erfitt að verjast þeim. Það erfiðasta er að hafa þunga og hreyfanlega línumenn í fanginu um leið og leikmenn á borð við Lazarov og fleiri í útilínunni eru að herja á þig. Þeir spila líka langar sóknir og eru búnir að fullkomna það að spila 7 á 6 og hafa sóknirnar eins langar og mögulegt er. Það þarf þolinmæði og andlegan styrk til þess að verjast þeim og við þurfum bara að gera það. Við erum í góðu standi og með góðum stuðningi þá er ég fullviss um að við tökum þá,“ segir Ólafur.

**hjorvaro@frettabladid.is**

# Óvissunni var eytt um framtíð Hannesar Þórs

**FÓTBOLTI** Valsmenn hafa verið stórhuga í íslenskum knattspyrnuheimi undanfarin ár og það er greinilega ekkert lát á því. Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára kynntu íslenska landsliðsmarkvörðinn Hannes Þór Halldórsson til leiks á blaðamannafundi í gær. Valur hefur ekki farið í grafgötur með að liðið vilji taka skref fram á við og komast í riðlakeppni í Evrópukeppni og félagaskipti eins og þau sem tilkynnt var um í gær eru liður í þeim fasa.

„Það er ofboðslegur léttir að hafa ákveðið það hvar ég kem til með að spila næstu árin. Tíminn í Aserbaídsjan var ekki eins og efni stóðu til og hann var erfiður og á köflum bara niðurlægjandi. Þegar ég er að taka ákvörðun um framtíð mína þá vil ég hafa puttana í því sjálfur. Það eru því fjölmargir fundir með aserskum umboðsmanni mínum og forráðamönnum að baki og það er þægileg tilfinning að vita að ég þarf ekki að díla við það meira. Ég gæti skrifað heila bók um tíma minn þarna ytra og geri það mögulega þegar tími gefst til,“ segir Hannes Þór í samtali við Fréttablaðið.




**Hannes Þór skrifaði undir samning við Valsmenn í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég var með önnur tilboð hér og þar um heiminn á borðinu hjá mér og það var ekki alveg rétt sem Fréttablaðið staðhæfði að ég það væri klappað og klárt að ég myndi enda á Hlíðarenda. Nú er það hins vegar niðurstaðan og ég er afar kátur með það. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn hungraður í að spila eftir að hafa spilað jafn lítið og raun ber vitni síðustu mánuði,“ segir Hannes.

„Ég er fullkomlega meðvitaður um það að leikmenn sem hafa komið til Íslands eftir að hafa verið í atvinnumennsku eiga það til að staðna eða jafnvel dala. Ég er vissulega að koma heim ári á undan áætlun. Það sem kemur vonandi til þess að hjálpa mér í að halda mér í sama gæðaflokki er að ég er enn að leika með landsliðinu og stefni að því að spila á EM eftir tvö ár og svo HM eftir fjögur ár þegar þar að kemur,“ segir hann enn fremur.

„Nú er ég hins vegar fyrst og fremst að einbeita mér að því að koma mér vel fyrir hér á Hlíðarenda og spila eins vel og mögulegt er í sumar. Mér líður strax mjög vel með þessa ákvörðun og er nú þegar kominn inn íslenskan kúltúr á nýjan leik. Það var alltaf planið að koma heim á næstu árum og umgjörðin hér í fótboltanum er ekkert ólík því sem ég vandist þegar ég lék á Norðurlöndunum. Nú er ég bara spenntur fyrir framhaldinu,“ segir markvörðurinn öflugi um, framhaldið. **– hó**

## Nýjast

### Domino’s-deild karla

**Undanúrslit**

**Þór Þ. - KR 102-90**

**Þór Þorlákshöfn:** Kinu Rochford 29, Jaka Brodnik 23, Nikolas Tomsick 15, Halldór Garðar Hermannsson 17, Ragnar Örn Bragason 11, Davíð Arnar Ágústsson 4.

**KR:** Julian Boyd 21, Michele Christopher Di Nunno 20, Kristófer Acox 15, Pavel Ermolinskij 12, Jón Arnór Stefánsson 11, Emil Barja 8, Helgi Már Magnússon 3.

Staðan í einvígi liðanna er 1-1 eftir þennan sigur Þórs en hafa þarf betur í þremur leikjum til þessa að komast í úrslit. Liðin mætast í þriðja leik sínum í KR-heimilinu í Vesturbænum á laugardagskvöldið kemur.

### Meistaradeild Evrópu

**Liverpool - Porto 2-0**

1-0 Naby Keita (5.), 2-0 Roberto Firmino (26.).

Þetta var fyrri leikur liðanna en liðin mætast í seinni leiknum 17. apríl.

**Tottenham - Man.City 1-0**

1-0 Heung-Min Son (78.). Sergio Agüero brenndi af vítaspyrnu á 13. mínútu leiksins.

Þetta var fyrri leikur liðanna en liðin mætast í seinni leiknum 17. apríl.

## Martin og félagar undir

**KÖRFUBOLTI** Martin Hermannsson og liðsfélagar hans hjá þýska liðinu Alba Berlin eru 1-0 undir í einvígi sínu á móti spænska liðinu Valencia í úrslitum Evrópubikarsins í körfubolta karla.

Liðin áttust við í fyrsta leik sem fram fór í Valencia og lokatölur í þeim leik urðu 89-75 heimamönnum í vil. Hafa þarf betur í tveimur leikjum til þess að að verða meistari en liðin mætast í öðrum leik sínum í Berlín á föstudagskvöld.

Martin lék einkar vel fyrir Alba Berlin í þessum leik en hann var næststigahæsti leikmaður liðsins með 16 stig. Hann gaf þar að auki tvær stoðsendingar og stal boltanum einu sinni.

Alba Berlin hefur aldrei tekist að hampa þessum bikar en liðið laut í lægra haldi fyrir Valencia í úrslitaleik keppninnar vorið 2010.

Valencia hefur aftur á móti þrisvar farið með sigur af hólmi í þessari keppni og tvisvar tapað í úrslitum. **– hó**

## Ásgeir og Bergvin byrja í leikbanni

**HANDBOLTI** Ásgeir Örn Hallgrímsson, leikmaður nýkrýndra deildarmeistara Hauka, og Bergvin Þór Gíslason, leikmaður ÍR, voru í gær úrskurðaðir í eins leiks bann af aganefnd HSÍ.

Ásgeiri Erni var vísað af velli með rauðu spjaldi í leik Hauka og ÍBV fyrir að hrinda Daníel Erni Griffin í gólfið með þeim afleiðingum að hann fékk heilahristing.

Ásgeir Örn verður þar af leiðandi í leikbanni þegar Haukar mæta Stjörnunni í fyrsta leik í átta liða úrslitum í úrslitakeppni deildarinnar á móti Stjörnunni 20. apríl næstkomandi.

Bergvin Þór fékk sömu refsingu í leik ÍR á móti Stjörnunni og verður því ekki löglegur í fyrsta leik ÍR og Selfoss í úrslitakeppninni. **– hó**


SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ
MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM RÉTTUM FRÁ
REMA 1000
BIXIE MEÐ KARTÖFLUMÚS 530 kr.
GÚLLAS MEÐ KARTÖFLUMÚS 555 kr.
DÖNSK BUFF 563 kr.
STEIKTUR KJÚKLINGUR 992 kr.
KJÖTBOLLUR Í KARRÝ 348 kr.
PASTA CARBONARA 225 kr.
RISOTTO MEÐ SVEPPUM 312 kr.
KJÚKLINGA SÚPA 304 kr.
KJÖTBOLLUR LÍFRÆNAR 1.517 kr.
KJÖT & HVEITI BOLLUR 1.286 kr.
KJÖTBOLLUR 1.401 kr.
LASAGNE BOLOGNESE 225 kr.
SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1
OPIÐ 10 - 22
SUPER 1
FAXAFENI 14
OPIÐ 10 - 22
SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2
OPIÐ 10 - 22
HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - SMIÐJUVEGI 2



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Júlía Valgeirsdóttir**
**(Dúdú)**
Flétturima 30, Reykjavík, áður Njarðvík og Keflavík,

andaðist á Borgarspítalanum 5. apríl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni, Reykjavík, mánudaginn 15. apríl kl. 13.

**Arnhildur Ásta Jósafatsdóttir**
**Valgeir Vésteinn Guðrúnarson** **Yolanda Corona López**
**Ríkharður Mar Jósafatsson** **Judith Ann Penrod**
**Ómar Örn Jósafatsson** **Harpa Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát móður okkar,

**Hrefnu Magnúsdóttur**
frá Hellissandi,

sem lést 23. mars. Við færum starfsfólki Ölduhrauns á Hrafnistu í Hafnarfirði sérstakar þakkir fyrir góða umönnun á síðustu árum.

**Ari, Hulda og Drífa Skúlabörn, tengdabörn og afkomendur.**



✝

Elsku mamma okkar, amma og langamma,

**Júlíana Guðmundsdóttir**
frá Útibæ, Flatey á Skjálfanda,

sem lést sunnudaginn 7. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu mánudaginn 15. apríl kl. 13.

**Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Inga Þórhalla Njálsdóttir, Nína Björg Njálsdóttir, Þuríður Elísa Harðardóttir, Hugi Harðarson, Sigríður Harðardóttir, Ástríður Sóley Harðardóttir, Júlía Hafþórsdóttir, Matthías Máni Rúnarsson, Aron Freyr Rúnarsson og Ragnar Aðalsteinsson.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og systur,

**Erlu Hermínu Þorsteinsdóttur**
Lambastekk 1, Reykjavík.

**Sara Bertha Þorsteinsdóttir** **Kristinn Hilmarsson**
**Sigríður H. Þorsteinsdóttir** **Páll Ásgeir Pálsson**
**Sigurður Þorsteinsson** **Caroline Tayar**
**Lilja Þorsteinsdóttir** **Sverrir Ágústsson**
**Margrét Þorsteinsdóttir**



✝

Ástkær sonur okkar, bróðir, faðir og barnabarn,

**Vilhjálmur Vilhjálmsson**
húsasmiður, Øvre Halåsveg, Eide, Noregi/Reykjanesvegi 56, Njarðvík,

lést í Noregi þann 26. mars sl. Útför fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju 12. apríl kl. 13.

**Linda Leifsdóttir** **Halldór Arason**
**Vilhjálmur Kristinsson** **Bogumila Teresa Muchlado**
**Valdimar Vilhjálmsson**
**Valgeir L. Vilhjálmsson** **Steinunn Rúna Ragnarsdóttir**
**Lovísa L. Vilhjálmsdóttir.** **James Robert Murphy**
**Laufey Guðrún Vilhjálmsdóttir**
**Arion Vilhjálmsson Moen**
**Guðrún Jóhannsdóttir**

# Skólameistari og skáld

## Jóhanns S. Hannessonar, skólameistara á Laugarvatni, (1919-2019) verður minnst í Hannesarholti í kvöld í tilefni aldarafmælis. Auk erinda verður ljóðalestur og söngur.

Pabbi var merkilegur maður á margan hátt – mikill bókaog skólamaður," segir Wincie Jóhannsdóttir um föður sinn, Jóhann S. Hannesson, skólameistara á Laugarvatni, skáld og orðabókarmann. Hann hefði orðið hundrað ára í dag hefði hann lifað. Þess verður minnst með dagskrá í Hannesarholti í kvöld klukkan 20.

Jóhann fæddist á Siglufirði og fór þaðan í Menntaskólann á Akureyri. „Hann var í sex vetur á Akureyri því hann þurfti að taka gagnfræðaprófið líka," upplýsir Wincie. „Svo hélt hann út til Bandaríkjanna í nám í ensku og málvísindum við University of California í Berkeley. Þeir fóru tveir út í nám bræðurnir, Þorsteinn, sem fór til Bretlands að læra söng, og pabbi til Bandaríkjanna. Hann hafði sennilega ætlað til Bretlands en stríðið gerði það erfitt. Það var stór hópur af Íslendingum í háskólanum í Berkeley við nám á árunum upp úr 1940," segir Wincie.

Jóhann kynntist konu sinni, Lucy Winston, í Berkeley. „Íslenskur vinur pabba var með stúlku sem mamma deildi íbúð með, pabbi fór með vininum þegar hann fór að hitta sína kærustu, þá var mamma þar fyrir og þar með var það komið," segir hún sposk.

Wincie minnist þess að þegar þau voru að flytja heim til Íslands, þrjú saman, því hún var þá sjálf komin til sögunnar, þótti það svo merkilegt úti í Berkeley að fjölskylda skyldi ætla að fljúga alla leið til Íslands frá Kaliforníu að það kom mynd af henni í staðarblaðinu. „Þetta var mikill viðburður og mikið ferðalag," segir Wincie. „Við vorum hér heima í þrjú ár, svo fórum við til baka, ég veit ekki alveg af hverju, ég var náttúrlega bara krakki. Kannski hefur pabba langað að halda áfram námi úti eða ekki fundið starf hér heima sem hann langaði að sinna."

Þar kom þó að Jóhanni bauðst skólameistarastarf á Laugarvatni sem hann þáði. „Ég kom heim 1958 og var hjá frændfólki mínu og svona hálfu öðru ári seinna fluttu foreldrar mínir heim og við öll á Laugarvatn. Við þetta varð pabbi mikill áhugamaður um skólamál almennt, og eftir tíu ár á Laugarvatni fór hann að vinna að skólamálum í Reykjavík, meðal annars að þróun áfangakerfis og undirbúningi Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Svo stundaði hann ritstörf og bókaútgáfu." Wincie segir hans meðal annars verða minnst í kvöld sem skólamanns, skálds, málfræðings og orðabókarritstjóra. „Pabbi varð bara 64 ára og var að vinna við stóru Ensk-íslensku orðabókina þegar hann dó. Jóhannes Þorsteinsson var með honum, ásamt mörgum fleirum og tók við stjórninni við lát pabba." **gun@frettabladid.is**



**Jóhann S. Hannesson var skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni 1960-1970.**



**Jóhann að tala við nemendahóp á Laugarvatni. Í aftari röð eru Wincie, dóttir hans, Guðmundur Pétursson og Róbert Pétursson, fremst er Sigrún Hilmarsdóttir.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingiberg J. Hannesson**
fyrrv. prófastur og alþingismaður,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 7. apríl. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Helga Steinarsdóttir**
**Birkir Ingibergsson** **Sigurveig Þ. Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn H. Ingibergsson** **Marelie Nacilla Rubio**
**Bragi J. Ingibergsson** **Stefanía Ólafsdóttir**
**Sólrún H. Ingibergsdóttir** **Pétur Fannar Hjaltason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Þorbjörg Jónsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ 2. apríl. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 12. apríl kl. 15.

**Einar Bjarni Bjarnason**
**Arndís Einarsdóttir** **Róbert Kristjánsson**
**Bjarni Einar Einarsson** **Eydís Garðarsdóttir**
**Björn Anton Einarsson** **Gróa Dal Haraldsdóttir**
**Heimir Skúli Einarsson** **Aðalheiður Jóhannesdóttir**
**Anna M. Einarsdóttir** **Gunnlaugur Reynir Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. apríl 2019 | 14. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Stærstu íslensku fjárfestarnir í Arion


Sigurður Bollason


Þorsteinn Jónsson


Magnús Ármann


Jón Sigurðsson


Einar Örn Ólafsson

Fjárfestingafélagið Stoðir með 4,5 prósent í Arion. Keypti um þriðjung af þeim tíu prósenta hlut sem Kaupþing seldi í síðustu viku. Sigurður Bollason og félög honum tengd með samtals um tvö prósent. » 2







» 4

### Töldu forsendur viðræðna um samruna brostnar

Harkalega var deilt um áhrif kaupa Haga á Olís og N1 á Festi í viðræðum félaganna við Samkeppniseftirlitið. Eftirlitið taldi á einum tímapunkti að forsendur sáttaviðræðna í máli N1 og Festar brystu.

» 6

### Erlend verkefni hafa vegið upp á móti samdrætti

Guðmundur Pálsson, framkvæmdastjóri Pipars\TBWA, segir að erlend verkefni hafi vegið upp á móti samdrætti innanlands. Verkefnum í netmarkaðssetningu hefur fjölgað en fyrir skemmstu varð stofan að segja upp starfsfólki.

» 10

### Áratug síðar

„Ísland vekur heimsathygli á ný, en að þessu sinni er það sterk staða hagkerfisins sem vekur athygli," segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, í aðsendri grein.




# Greiddi nærri þrjá milljarða fyrir Bókun

Bandaríski bókunarrisinn TripAdvisor, sem rekur stærsta ferðavef heims, greiddi 23 milljónir dala, sem jafngildir ríflega 2,7 milljörðum króna, fyrir allt hlutafé í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Bókun á síðasta ári, eftir því sem fram kemur í ársreikningi bandaríska félagsins sem var gerður opinber í síðasta mánuði.



Hjalti Baldursson, forstjóri og annar stofnenda Bókunar.

Tilkynnt var um kaup TripAdvisor á Bókun, sem sérhæfir sig í þróun á hugbúnaði fyrir ferðaþjónustuna, í apríl í fyrra og var þá sérstaklega tekið fram að kaupverðið væri trúnaðarmál.

Seljendur voru stofnendurnir Hjalti Baldursson, sem fór með 45 prósenta hlut í Bókun, og Ólafur Gauti Guðmundsson, sem átti tæplega 32 prósenta hlut, auk þess sem Norvik, sem er í eigu Jóns Helga Guðmundssonar og fjölskyldu, seldi 24 prósenta hlut sinn í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu.

Norvik gekk inn í hluthafahópinn árið 2017 en áður áttu Hjalti, sem er forstjóri Bókunar, og Ólafur Gauti tæknistjóri félagið að fullu.

Bókun hefur vaxið hratt frá stofnun árið 2012 og er hugbúnaðar félagsins nú mest notaða sölu- og birgðakerfið í íslenskri ferðaþjónustu. Í tilkynningu vegna kaupanna var tekið fram að með kaupunum myndi TripAdvisor útvíkka vöruframboð sitt, með því að þjónusta ferðaþjónustufyrirtæki með rekstrar- og stjórnunarhugbúnaði, til viðbótar við að starfrækja stærsta dreifingarnet á heiminum fyrir ferðir og afþreyingu.

Höfuðstöðvar Bókunar eru áfram á Íslandi í kjölfar kaupanna og er stefnt að umtalsverðum vexti fyrirtækisins en starfsmenn þess voru um tuttugu talsins um mitt síðasta ár. – **kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

**Til sölu ísgerð**
**til flutnings hvert á land sem er**

Tækjakostur mikill og góður
Hráefni flutt inn frá þekktum ítölskum framleiðanda
Gelato - Sorbetto - Vegan - Sykurlaus - Íspinnar

**Upplýsingar frico43 @hotmail.com**

LS

**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LS), kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2014 vegna skuldabréfaflokks með auðkennið LSS150434 og grunnlýsingu dagsetta 13. nóvember 2015 vegna skuldabréfaflokks með auðkennið LSS151155. Báðir flokkarnir eru skráðir á aðalmarkað Nasdaq Iceland kauphallarinnar. Viðaukana og gögn sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga, Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu LS, www.lanasjodur.is.

**Heildarheimild útgáfu:** Stjórn LS hefur samþykkt hækkun á heildarheimild skuldabréfaflokksins LSS150434 úr 50 milljörðum í 65 milljarða. Þann 21. mars 2019 var heildarstærð flokksins 46.842.152.565 kr. að nafnvirði.
Stjórn LS hefur einnig samþykkt hækkun á heildarheimild skuldabréfaflokksins LSS151155 úr 25 milljörðum í 35 milljarða. Þann 21. mars 2019 var heildarstærð flokksins 19.984.000.000 kr. að nafnvirði.

Reykjavík, 9. apríl 2019
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

# Stoðir með um 4,5 prósenta hlut í Arion

**Fjárfestingafélagið Stoðir keypti um þriðjung af þeim tíu prósenta hlut sem Kaupþing seldi í síðustu viku. Er nú orðið stærsti íslenski hluthafi bankans. Sigurður Bollason og félög honum tengd eiga orðið um tveggja prósenta hlut.**

Fjárfestingafélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar, Magnúsar Ármann og Tryggingamiðstöðvarinnar (TM), er orðið stærsti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með um 4,5 prósenta hlut af útistandandi hlutafé bankans, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Arion banka er eignarhluturinn metinn á rúmlega sex milljarða króna.

Stoðir margfölduðu hlut sinn í Arion banka í liðinni viku þegar félagið keypti um þriðjung af þeim tíu prósenta hlut sem eignarhaldsfélagið Kaupþing, stærsti einstaki hluthafi bankans, seldi með tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated bookbuild offering) til innlendra og erlendra fjárfesta. Fyrir áttu Stoðir, sem er eitt stærsta fjárfestingafélag landsins og var með um 18 milljarða í eigið fé í ársbyrjun 2018, um 0,65 prósenta hlut í bankanum. Eignarhald Stoða í Arion banka er að stærstum hluta í gegnum sænsk heimildarskírteini (SDR) í kauphöllinni í Svíþjóð.

Eignarhlutur Kaupþings, 200 milljónir hluta að nafnverði, var að mestu seldur innlendum fjárfestum á genginu 70 krónur á hlut samkvæmt heimildum Markaðarins. Gengi bréfa bankans hefur hækkað frá þeim tíma um nærri tíu prósent og stóð í 76,9 krónum á hlut við lokun markaða í gær.

Eftir sölu Kaupþings, sem kláraðist fyrir opnun markaða á miðvikudag, hafa umsvif einkafjárfesta í eigendahópi Arion banka aukist verulega. Gróflega áætlað nemur samanlagður eignarhlutur þeirra núna um tíu prósentum. Þannig á Sigurður Bollason, fjárfestir og stór hluthafi meðal annars í Kviku banka, og félög honum tengd orðið samtals í kringum tveggja prósenta hlut í Arion banka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hann hefur að undanförnu verið að byggja upp stöðu í bankanum, sem er meðal annars fjármögnuð í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka, og keypti jafnframt umtalsverðan eignarhlut í lokuðu útboði Kaupþings í síðustu viku.

Á meðal þeirra fjárfesta sem fengu úthlutað hvað stærstum hluta í Arion banka í útboðinu, en söluráðgjafar Kaupþings voru Citi, Carnegie og Fossar markaðir, var TM en tryggingafélagið keypti samtals 14 milljónir hluta, samkvæmt nýjum lista yfir alla hluthafa bankans sem Markaðurinn hefur séð, og á núna um 0,65 prósent af heildarhlutafé Arion banka. Þá bætti Vogun, sem er óbeint að stærstum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu, við sig um 5 milljónum hluta og á samtals einnig um 0,65 prósenta hlut í bankanum. Talsverð umframeftirspurn var eftir bréfum Kaupþings og var algengt að íslenskir verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir, samkvæmt heimildum Markaðarins, fengju á bilinu 30 til 50 prósent af þeim hlut sem þeir höfðu óskað eftir að kaupa.




Gengi Arion hefur hækkað um 9 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**10%**

**nemur hækkun hlutabréfaverðs í Arion banka frá sölu Kaupþings fyrir viku.**

Stærstu hluthafar Stoða, sem lauk sölu á tæplega níu prósenta hlut sínum í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Garber fyrir 144 milljónir evra, jafnvirði um 19 milljarða króna, fyrir um ári eru eignarhaldsfélagið S121 með 62 prósenta hlut, Arion banki, sem á um 18 prósent, og þá fer Landsbankinn með 15 prósenta hlut.

Sá hópur fjárfesta sem er með tögl og hagldir í Stoðum í gegnum S121 samanstendur meðal annars af félögum tengdum Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group og stjórnarmanni í Refresco frá 2009, Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanni í TM, Magnúsi Ármann, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Þorsteini M. Jónssyni, áður aðaleiganda Vífilfells og fyrrverandi stjórnarmanni í Glitni og FL Group. Fjárfestahópurinn, ásamt tryggingafélaginu TM, eignaðist meirihluta í Stoðum þegar hópurinn keypti í ársbyrjun 2017 rúmlega fimmtíu prósenta hlut í Stoðum af Glitni HoldCo og erlendum fjármálastofnunum.

Arion banki var sem kunnugt er skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð í júní í fyrra þegar Kaupþing seldi samtals um 29 prósenta hlut í bankanum í almennu hlutafjárútboði. Fyrir utan Kaupþing, sem á núna tæplega 23 prósenta hlut, eru stærstu hluthafar bankans ýmsir erlendir sjóðir, meðal annars vogunarsjóðirnir Taconic Capital, Attestor Capital og Och-Ziff Capital.
**hordur@frettabladid.is**

# Helgi í hóp stærstu hluthafa Kviku

Helgi Magnússon, fjárfestir og fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, er kominn í hóp stærstu hluthafa Kviku banka með ríflega 1,1 prósents hlut. Miðað við núverandi gengi hlutabréfa í fjárfestingarbankanum er hluturinn metinn á um 215 milljónir króna.

Samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa Kviku, dagsettum 5. apríl, er félagið Hofgarðar, sem er að fullu í eigu Helga, tuttugasti stærsti hluthafi bankans með 1,13 prósenta hlut.

Til samanburðar átti félagið 0,7 prósenta hlut í Kviku í lok síðasta árs en hlutabréfaverð bankans hefur hækkað um ríflega fimmtung frá áramótum.

Kvika banki var sem kunnugt er skráður á aðalmarkað Kauphallarinnar í lok síðasta mánaðar eftir eitt ár á First North markaðinum. Gengi hlutabréfa í bankanum hefur hækkað um meira en 25 prósent á síðustu tólf mánuðum og þar af um 22 prósent það sem af er þessu ári. Er markaðsvirði bankans um 19 milljarðar króna.

**215**

**milljónir króna er markaðsvirði hlutar Hofgarða í Kviku banka.**



Helgi Magnússon fjárfestir.

Helgi gegnir stjórnarformennsku í Bláa lóninu, þar sem hann er á meðal stærstu hluthafa með um 6,2 prósenta hlut, sem og í Húsasmiðjunni.

Eins og fram hefur komið hætti Helgi í stjórn Marels á aðalfundi félagsins í byrjun síðasta mánaðar en hann hafði setið í stjórninni frá árinu 2005. Þá lét hann jafnframt af stjórnarmennsku í N1 í kjölfar kaupa olíufélagsins á Festi síðasta haust en hann hóf stjórnarstörf hjá félaginu árið 2012.

Helgi var formaður Samtaka iðnaðarins á árunum 2006 til 2012 og sat í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna árin 2007 til 2016, þar af sem formaður frá 2010 til 2013. – **kij**

**Nova VIP** fyrir fyrirtæki.

# Skiptiborð eru bara fyrir smákrakka.
# **Einfalt.** Ekki flókið.

Stórar símstöðvar, borðsímar og fyrirferðarmiklir netþjónar heyra sögunni til. Nútímafyrirtækið þarf einfalt umhverfi og engan óþarfa. Við finnum nákvæmlega það sem hentar þínum rekstri — og ekki einni innstungu meira.

**Verum í sambandi.**
**nova.is/VIP**

NOVA

# Töldu forsendur viðræðna brostnar

**Deilt var harkalega um áhrif kaupa Haga á Olís og N1 á Festi í viðræðum félaganna við Samkeppniseftirlitið. Eftirlitið taldi á einum tímapunkti að forsendur sáttaviðræðna í máli N1 og Festar brystu. Olíufélagið sagði að frummat samkeppnisyfirvalda kynni að fela í sér misbeitingu valds.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





Sameining annars vegar Haga og Olís og hins vegar N1 og Festar gekk í gegn á síðasta ári eftir að hafa hlotið samþykki Samkeppniseftirlitsins. Félögin þurftu að gangast undir ströng skilyrði, meðal annars um sölu eigna, til þess að kaupin næðu að endingu fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hart var tekist á um rannsóknir og frummöt Samkeppniseftirlitsins í samrunamálum Haga og Olís annars vegar og N1 og Festar hins vegar og fékkst ekki niðurstaða í málin fyrr en að loknum löngum viðræðum þar sem félögin þurftu að gangast undir umtalsvert strangari skilyrði en þau lögðu upphaflega fram til þess að sefa áhyggjur eftirlitsins.

Til marks um togstreituna í viðræðum Samkeppniseftirlitsins við forsvarsmenn N1 og Festar tók eftirlitið á einum tímapunkti fram í bréfi til N1 að „forsendur [brystu] til viðræðna um sátt í málinu“.

Aðeins tveimur dögum áður höfðu forsvarsmenn olíufélagsins lýst því yfir við eftirlitið að „ástæðulaust“ væri að leggja skilyrði á félagið vegna kaupanna á Festi. Rannsókn og frummat eftirlitsins væru jafnframt í andstöðu við nokkrar af helstu meginreglum stjórnsýsluréttar og kynnu að fela í sér „misbeitingu valds við val á leið til úrlausnar máls“.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins í umræddum samrunamálum sem birtar voru í heild sinni í liðinni viku. Af ákvörðunum, sem eru samanlagt 660 blaðsíður að lengd, má ráða að töluvert hafi borið á milli hjá eftirlitinu og félögunum á fyrstu stigum málanna og á það sérstaklega við um samrunamál N1 og Festar.

Fyrrnefnda félagið, sem Eggert Þór Kristófersson stýrir, taldi enda frá upphafi að samkeppnisyfirvöldum bæri að heimila kaupin án nokkurra skilyrða. Auk þess að lýsa sig ósammála frummati eftirlitsins um að kaupin á Festi væru skaðleg samkeppni tók félagið beinlínis fram að röksemdir eftirlitsins héldu fæstar vatni og væru enn fremur byggðar á röngum forsendum.

Stjórn N1 samþykkti engu að síður að ganga til sáttaviðræðna við eftirlitið. Þær leiddu að endingu til þess að félagið gekkst undir víðtæk skilyrði, sem fólust meðal annars í því að selja fimm eldsneytisstöðvar, auk vörumerkisins Dælunnar, til nýs keppinautar og auka aðgengi endurseljenda að birgðarými, dreifingu og heildsölu eldsneytis, til þess að kaupin næðu fram að ganga.

Samkomulag um umrædd skilyrði tókst loks í lok júlímánaðar í fyrra en þá voru meira en níu mánuðir liðnir frá því að Samkeppniseftirlitinu var fyrst tilkynnt um kaupin.

### Þurfti að breyta birgjasamningi

Meiri sáttahugur var í forsvarsmönnum Haga sem lýstu snemma í ferlinu yfir vilja til þess að ganga til sáttaviðræðna við Samkeppniseftirlitið. Hins vegar gekk smásölurisanum erfiðlega að sannfæra eftirlitið um að tillögur hans að sátt dygðu til þess að eyða þeim samkeppnishindrunum sem eftirlitið taldi að stöfuðu af kaupum félagsins á Olís.

Eftir fjölmarga fundi og ítarleg samskipti náðist sátt í lok ágúst í fyrra, um þrettán mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum var fyrst tilkynnt um samrunann. Í sáttinni skuldbundu Hagar sig meðal annars til þess að selja frá sér þrjár Bónusverslanir og fimm eldsneytisstöðvar undir merkjum Olís og ÓB og auka enn fremur aðgengi endurseljenda að heildsölu eldsneytis.

Samruninn gekk þó ekki endanlega í gegn fyrr en í lok nóvembermánaðar, nærri sextán mánuðum eftir að Samkeppniseftirlitinu var gert viðvart um hann, þegar eftirlitið lagði blessun sína yfir kaupendur að áðurnefndum eignum Haga.



Finnur Árnason, forstjóri Haga.



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar.

> **Þegar af þessum ástæðum telur Samkeppniseftirlitið að forsendur bresti til viðræðna um sátt í málinu.**
>
> Úr ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í samrunamáli N1 og Festar

Sem kunnugt er festi Atlantsolía kaup á eldsneytisstöðvunum en félagið Ísborg, sem er í eigu Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sports Direct á Íslandi, keypti Bónusverslanirnar.

Áður þurfti síðarnefnda félagið þó – að kröfu Samkeppniseftirlitsins – að breyta birgjasamningi sínum við Haga, að því er varðaði viðskiptakjör félagsins, og undirgangast skilyrði um að það starfaði áfram á dagvörumarkaði í ákveðinn tíma og seldi ekki verslanirnar þrjár til annarra en þeirra sem fullnægja kröfum eftirlitsins, eins og upplýst er um í ákvörðun samkeppnisyfirvalda.

### Vilja skýrari leiðbeiningar

Finnur Árnason, forstjóri Haga, sagði í viðtali við Markaðinn í síðasta mánuði að kaupferlið sem stjórnendur félagsins hefðu unnið að hefði í heild tekið 22 mánuði.

„Það mættu vera skýrari leiðbeiningar frá Samkeppniseftirlitinu og það hefði verið til bóta ef það hefði komist á lausnamiðað samtal fyrr í ferlinu,“ nefndi Finnur.

Undir það hafa forsvarsmenn Festar, áður N1, tekið en þannig sagði Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður í viðtali við ViðskiptaMoggann síðasta haust að samrunaferlið hefði getað tekið mun skemmri tíma og heppilegra hefði verið ef Samkeppniseftirlitið hefði gefið út frá upphafi hvaða markmiðum það vildi ná.

„Ég er ekki viss um að við hefðum lagt af stað í þetta ef við hefðum vitað hvað þetta tók langan tíma og hversu langt var gengið með sáttinni,“ sagði Margrét.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, vísaði hins vegar gagnrýninni á bug í viðtali við Markaðinn í febrúar síðastliðnum og sagði hana meinlegan misskilning.

„Það á ekki að vera hlutverk Samkeppniseftirlitsins að segja fyrirtækjum að selja þetta eða selja hitt og á endanum kemur kannski í ljós að viðskiptin standa ekki undir sér. Samrunaaðilar þurfa sjálfir að móta skilyrðin,“ nefndi Páll Gunnar.

VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA



Vatnshitablásarar
- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrörum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlátir

SABIANA
VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt
Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071
vov@vov.is www.vov.is

# Einskiptiskostnaður upp á nærri tíu milljarða króna féll á WOW air í fyrra



WOW air fór í gjaldþrot í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einskiptiskostnaður upp á nærri tíu milljarða króna féll á WOW air á síðasta ári vegna meðal annars uppsagna á leigusamningum um farþegavélar, að því er fram kemur í fjárfestakynningu sem stofnandinn Skúli Mogensen lét útbúa um nýtt lággjaldaflugfélag sem hann vill reisa á grunni hins gjaldþrota félags.

Í kynningunni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er tekið fram að afkoma WOW air á síðasta ári hafi litast af einskiptiskostnaði að fjárhæð 81,5 milljónir dala, sem jafngildir um 9,7 milljörðum króna, sem hafi fallið til vegna snemmbúinna uppsagna á leigusamningum um Airbus-vélar af gerðinni A330 og A320, afpöntunar á A330neo-vélum og starfslokagreiðslna til þeirra starfsmanna félagsins sem var sagt upp störfum í desember í fyrra.

Eins og fram hefur komið nam heildartap WOW air um 22 milljörðum króna í fyrra en þar af var EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – neikvæð um 10 milljarða króna. Flugfélagið tapaði tæplega 4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum síðasta árs en allt að 16 milljörðum króna á síðasta ársfjórðungnum.

Slæm afkoma félagsins gerði það að verkum að eigið fé þess var orðið neikvætt um jafnvirði 13,3 milljarða króna í seinni hluta síðasta mánaðar, stuttu áður en það var tekið til gjaldþrotaskipta.

Í kynningunni kemur auk þess fram að heildartekjur WOW air hafi numið ríflega 617 milljónum dala, um 73 milljörðum króna, á síðasta ári en á sama tíma hafi heildarkostnaður félagsins verið 794 milljónir dala eða 94 milljarðar króna. – **kij**

# HERRAHÚSIÐ HEFUR OPNAÐ Í ÁRMÚLA 27

# BRJÁLUÐ OPNUNARTILBOÐ





Stakir jakkar: 30% afsláttur

Buxur: 30% afsláttur

Allar peysur á 4.900 kr





Pólóbolir og afabolir á 50% afslætti

Hálfermaskyrtur 2 fyrir 1 á 5.900 kr

Calvin Klein nærbuxur 3-í-pakka á 4.900 kr

Úlpur og blússur á 9.900 kr






Allir leðurjakkar (30 stk eftir) á 14.900 kr

## AÐEINS Í 10 DAGA!

Opnunartilboð þessi gilda frá 4. apríl til 13. apríl






Herrahúsið Ármúla 27 108 Reykjavík

s. 551-7575 & 552-9122

herra húsið



Guðmundur Pálsson segir að hugmyndavinna sé eins og að veiða lax. Stundum grípi fiskurinn agnið um leið en stundum sé kastað í margar klukkustundir án árangurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Erlend verkefni hafa vegið upp á móti

**Guðmundur Pálsson, framkvæmdastjóri Pipars\TBWA, segir að erlend verkefni hafi vegið upp á móti samdrætti innanlands. Verkefnum í netmarkaðssetningu hefur fjölgað en fyrir skemmstu varð stofan að segja upp starfsfólki, einkum grafískum hönnuðum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Um 20-30 prósent af tekjum Pipars\TBWA eru vegna markaðsstarfs á erlendum vettvangi," segir Guðmundur Pálsson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar og formaður Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) „Við erum annars vegar að vinna fyrir erlend fyrirtæki á alþjóðlegum mörkuðum og hins vegar fyrir íslenska ferðaþjónustu, sjávarútveg og tæknigeirann."

Hann segir að afkoman hafi dregist saman í fyrra en hafi engu að síður verið sæmileg. „Það kom sér vel að við fengum aukin verkefni frá erlendum fyrirtækjum til að vega upp á móti samdrætti á innanlandsmarkaði. Það kom sterkt inn á seinni hluta ársins.

Mörg verkefnanna tengjast netmarkaðssetningu. Við státum af hæfileikafólki á sviði markaðsmála og höfum tenginguar erlendis. Þess vegna er leitað til okkar," segir Guðmundur.

Pipar\TBWA samanstendur af þremur fyrirtækjum. Auglýsingastofunni Pipar\TBWA, birtingahúsinu Pipar Media og stafræna markaðsfyrirtækinu The Engine. Starfsmenn eru 56.

„Við höfum sótt okkur þekkingu í krafti samstarfs okkar við alþjóðlegu auglýsingakeðjuna TBWA en þar vinna tíu þúsund manns. Við höfum sömuleiðis ráðið fólk erlendis frá. Hjá okkur vinna sex starfsmenn með annað móðurmál en íslensku sem ýmist starfa við textagerð eða hafa sérþekkingu á stafrænni markaðssetningu. Enn fremur hafa nokkrir starfsmenn okkar unnið erlendis, aflað sér þekkingar með þeim hætti en ákveðið að flytja aftur heim. Sú þekking hefur nýst okkur vel.

Við höfum einnig myndað tengsl erlendis við að halda ráðstefnurnar Krossmiðlun og Reykjavík Internet Marketing Conference. Hún var haldin í 16. sinn á föstudaginn. Pipar sameinaðist netmarkaðsfyrirtækinu The Engine í haust sem hefur haft veg og vanda af ráðstefnunni. The Engine rekur einnig skrifstofu í Noregi með tveimur starfsmönnum," segir hann.

Guðmundur setur á sig hatt formanns SÍA. „Það býr mikið í íslensku markaðsfólki. Það er með mikla sérfræðiþekkingu sem nýtist vel í markaðssetningu erlendis. Með netmarkaðssetningu skapast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem hafa ekki úr jafn miklu fé að moða til að sækja á erlenda markaði og stærri alþjóðlegir keppinautar.

Það er mikilvægt að sú þekking sé til staðar á Íslandi og til þess þarf að hlúa að henni. Kosturinn

> **Samdrátturinn hófst síðastliðið haust. Eflaust hefði hann byrjað fyrr en HM í knattspyrnu var um sumarið og mörg fyrirtæki vildu taka þátt í þeirri upplifun.**

við að semja við íslensk fyrirtæki er nálægðin við viðskiptavininn. Við getum skilið fyrirtækin betur en erlendir keppinautar og eigum hægara um vik að setjast niður með viðskiptavinum og ræða málin.

Þessi mikla þekking gerir það líka að verkum að við getum aflað verkefna á erlendum vettvangi. Heimurinn er að minnka."

## Íslandsstofa gagnrýnd

Hann gagnrýnir að Íslandsstofa hafi ráðið breskt markaðsfyrirtæki í netmarkaðssetningu til að kynna Ísland fyrir erlendum ferðamönnum. „Það er klárt mál að sú þjónusta sem þeir veita er ekki betri en það sem við á Íslandi höfum upp á að bjóða. Um það er ég sannfærður."

*Er Ísland ekki of dýrt til þess að þið getið boðið þjónustuna erlendis?*

„Við erum dýrari en markaðsstofur í Austur-Evrópu og við finnum fyrir því að ýmis íslensk fyrirtæki leita þangað til að draga úr kostnaði. Hugmyndafræði þeirra er ekki að sækja betri þjónustu heldur ódýrari.

Hins vegar hafa mörg íslensk fyrirtæki ráðið markaðsfyrirtæki í Vestur-Evrópu með það fyrir augum að fá betri þjónustu. Ég dreg í efa að sú sé raunin. Og sú þjónusta þeirra er ekki ódýr. Það hefur lengi tíðkast að góð markaðsþjónusta kostar.

Við Íslendingar verðum hins vegar að stíga varlega til jarðar þegar kemur að hækkunum á launum og öðrum gjöldum á fyrirtæki, annars munum við verðleggja okkur út af markaðnum. Við getum ekki aflað verkefna erlendis ef við erum ekki samkeppnishæf."

Guðmundur á auðvelt með að bera saman tímagjald auglýsingastofa innan TBWA keðjunnar. Stefnumótun og hugmyndavinna er almennt dýrari erlendis en framleiðslan kostar svipað hér.

*Hvernig getur lítil auglýsingastofa frá Íslandi sótt fram erlendis?*

„Það er rétt að íslenskar auglýsingastofur eru almennt litlar samanborið við erlendar stofur. Innan raða SÍA eru sjö stofur og að meðaltali starfa 30-40 manns hjá þeim," segir hann og tekur af sér hatt formanns SÍA og tyllir á sig hatti framkvæmdastjóra Pipars\TBWA.

„Auglýsingaheimurinn er í raun og veru lítill og byggir mikið á tengslum. Pipar á í samstarfi við TBWA og það getur skipt sköpum. Við sækjum ráðstefnur og þjálfunarbúðir til að undirbúa okkur undir það verkefni."

### Samherji í Whole Foods

*Þið eru að reyna að fóta ykkur í nýjum veruleika en netið hefur breytt því hvernig best er að ná eyrum neytenda. Þið fjárfestuð í Ghostlamp, sem tengir fyrirtæki við áhrifavalda, og netmarkaðsfyrirtækinu The Engine.*

„Okkur þykir Ghostlamp spennandi nýsköpunarfyrirtæki og höfum tekið þátt í að kynna þjónustuna víða um heim. Sú þekking sem við höfum öðlast á því samstarfi hefur gert okkur kleift að aðstoða íslensk fyrirtæki við markaðssetningu erlendis. Við vorum til dæmis að ljúka við skemmtilega herferð fyrir Samherja. Útgerðin fór í átak til að kynna bleikju sem seld er í Whole Foods.

Við nýttum Ghostlamp til að tengjast áhrifavöldum sem eru áhugakokkar á samfélagsmiðlum. Þeir voru hvattir til að fara í Whole Foods, kaupa bleikjuna, elda hana og gera því skil á samfélagsmiðlum. Samhliða förum við í samstarf við kokk sem skrifaði tvær greinar um gæði fisksins sem dreift var á valda fjölmiðla í Bandaríkjunum.

Herferðin hófst í mars og var að

# Fólk Heimili

MIÐVIKUDAGUR 10. APRÍL 2019



Páskarnir nálgast og þá getur verið skemmtilegt að skreyta og baka, til dæmis að búa til páskalegar múffur. ➜6






Gulllitað ljósið frá Tom Dixon gerir mikið fyrir bjarta og fallega stofuna. Ljósir litir eru á flestum veggjum heimilisins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Álfasteinninn fékk að standa

## Hjónin Dóra Gunnarsdóttir og Arnar Már Kristinsson gerðu upp fallegt tveggja hæða einbýlishús í friðsælum hluta vesturbæjar Reykjavíkur.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Það má sannarlega segja að framkvæmdagleði einkenni hjónin Dóru Gunnarsdóttur og Arnar Má Kristinsson en þau hafa reglulega tekist á við stórar og minni framkvæmdir heima fyrir á undanförnum árum með góðum árangri. „Við vinnum bæði við hluti sem tengjast framkvæmdum beint og óbeint,“ segir Dóra. „Sameiginlegt áhugamál okkar hjóna, laugardagsrúnturinn, endar ansi oft fyrir framan einhverja framkvæmdina.“

Fyrir nokkrum árum keyrðu þau óvart inn á Grímshaga í vesturbæ Reykjavíkur þar sem eitt hús vakti sérstaklega athygli þeirra. „Húsið og garðurinn voru í niðurníðslu og við vorum sammála um að þetta væri hús sem gaman væri að gera upp.“ Þegar húsið fór á sölu nokkru síðar höfðu hjónin verið að íhuga breytingar og fannst það vera eins og skrifað í skýin að þau þyrftu að bjóða í eignina. „Ættingjar og vinir héldu að við værum endanlega gengin af göflunum þegar þau sáu húsið sem við vorum búin að kaupa. Við hlökkuðum hins vegar til að takast á við þetta skemmtilega verkefni.“

### Litlar tafir

Þau fengu húsið afhent í byrjun júní árið 2017 og byrjuðu á því að rífa allt út. Í ljós kom að þakið hafði verið einangrað með sagi, sem er mikill eldsmatur, og því var ákveðið að skipta um þak. „Á fyrsta degi, þegar verið var að rífa þakið af og setja sagið í poka, vildi ekki betur til en svo að það kviknaði í út frá hleðslutæki fyrir borvél og þakið varð aldelda á örfáum mínútum. Sem betur fer tók ekki langan tíma að slökkva eldinn og það var mikil mildi að enginn slasaðist. Okkur var auðvitað mikið brugðið og tjónið varð eitthvað en tryggingarnar bættu það og framkvæmdir töfðust lítið.“

### Fáar stórar breytingar

Húsið er teiknaði af Gunnari Hanssyni árið 1956 fyrir fjölskyldu sem byggði húsið og bjó þar lengi að sögn Dóru. „Það mætti þó halda að húsið hefði verið teiknað fyrir okkur og gerðum við því nánast

Framhald á síðu 2 ➜

Framhald af forsíðu ➜

engar skipulagsbreytingar, þrátt fyrir að við hefðum gert húsið fokhelt.“

Í fjölskyldunni eru sex einstaklingar og á efri hæðinni eru fimm svefnherbergi og baðherbergi. „Baðherbergið var ágætlega stórt en upphaflegur eigandi var saumakona og sú hafði látið teikna lítið mátunarherbergi fyrir framan baðherbergið sem við breyttum í aukabaðherbergi. Á neðri hæðinni tókum við vegginn á milli borðstofu og eldhúss og settum þar eyju sem er hjartað í húsinu. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á skipulagi.“

## Sögurnar gefa dýpt

Garðurinn var í mikilli órækt en Dóra segist hafa séð myndir frá fyrri eigendum og heyrt sögur um að eitt sinn hafi hann verið einn sá fallegasti í hverfinu. „Við þurftum að fella um 30 tré og Arnar var í fjórar vikur að moka upp allan garðinn. Þarna voru mörg falleg tré en rótarkerfi þeirra var samofið við önnur síður falleg tré sem þurfti að fella. Okkur var því ráðlagt að byrja bara upp á nýtt og halda ekki í neitt í gamla garðinum.“

Það eina sem þau skildu eftir var risastór álfasteinn sem stendur beint fyrir framan húsið. „Konan sem byggði húsið kom hér með dætrum sínum þegar við vorum nýflutt en henni þótti vænt um að sjá breytingarnar hjá okkur. Hún sagði okkur að þau hefðu ekki viljað fjarlægja steininn á sínum tíma svo þarna stendur hann enn. Einnig sagði hún okkur að hún hefði haft mikið fyrir því að eignast veglega útidyrahurð á sínum tíma sem við ákváðum að halda í og gera upp. Mér finnst það gefa húsinu dýpt að heyra þessar litlu sögur og sjá fyrir sér það sem áður var.“

## Einfalt og tímalaust

Í dag hefur fjölskyldan komið sér vel fyrir í gróðursælu og rólegu umhverfi Grímshagans en í götunni eru einungis átta hús. Aðspurð hvað skipti mestu máli þegar kemur að útliti heimilisins segir Dóra aðalatriðið vera að heimilið henti þeim sem þar búa. „Við erum alltaf að reyna að minnka dót og láta alla hluti eiga sér sinn stað. Okkur þykir fallegt að hafa innanstokksmuni einfalda og frekar tímalausa. Þegar kom að því að velja innréttingar, liti og gólfefni vissum við nokkurn veginn hvað við vildum og þá hjálpaði til að við höfðum gert þetta áður. Við ákváðum að setja gólfteppi á efri hæðina þar sem það er fátt notalegra en að vakna á morgnana og stíga á dúnmjúkt teppi. Innréttingar, hurðir og flísar eru svo allar mjög ljósar. Við viljum frekar skreyta heimilið með húsgögnum, fallegri lýsingu og litum á veggjum.“

Næsta stóra verkefni er að klára lóðina og hefja framkvæmdir í garðinum. „Við stefnum á að gróðursetja eitthvað fallegt fyrir sumarið. Í fyrrahaust gróðursettum við lítið reynitré sem við erum mjög spennt að sjá hvort hafi lifað af veturinn.“

## Spurt og svarað

*Hvaða einstaki hlutur á heimilinu er í mestu uppáhaldi?*

Mér þykir voðalega vænt um stól sem við fengum frá ömmu og afa barnanna minna og létum gera upp. Stóllinn er eftir Svein Kjarval og hefur fylgt mér síðust árin. Hann er ekki bara fallegur heldur einstaklega þægilegur.

*Hvaða rými hússins er í mestu uppáhaldi?*

Uppáhaldsrýmið er stofan.

*Hvaða litir eru í mestu uppáhaldi?*

Ég vil hafa litina ljósa og milda og erum við mjög ánægð með þá sem við höfum valið á veggina í stofunni. Hann heitir hálfur Sjúklegur og fæst hjá Slippfélaginu. Liturinn í herbergjum strákanna er líka frábær en hann heitir Notalegur og fæst líka hjá Slippfélaginu.

*Hvaða litlu framkvæmdir geta fríkkað heimilið?*

Falleg lýsing getur breytt öllu og þarf ekki að kosta mikið.


Fjölskyldan á Grímshaga, f.v.: Ingunn, Arnar Már Kristinsson, Eysteinn, Gunnar, Arnaldur og Dóra Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Sjónvarpsrýmið er bjart og fallegt. Á veggnum hangir mynd eftir Sigurgeir Sigurjónsson.


Horft úr stofunni inn í borðstofu. Arinninn setur skemmtilegan svip á rýmið.


Mjúkt teppi er á efri hæð hússins. Handriðið létu Dóra og Arnar sérsmíða.




Til vinstri má sjá borðstofuna og stofuna fyrir breytinguna. Til hægri er efri hæðin eftir brunann.





Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - *Þórunn Kristjónsdóttir*

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



Flottur jakki
20% afsláttur
af öllum jökkum 10. til 13. apríl
Mikið úrval af flottum jökkum
frá RUNDHOLZ og japanska MOYURU og YAYA
Bóel
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland


Gulleyja Roberts Louis Stevenson er talin hafa átt sér fyrirmynd í Kókoseyju undan strönd Kosta Ríka.


Austurlandahraðlestin var lögð niður 2009.

# Endurupplifun bókmenntanna

Bækur geta gætt ókunna staði lífi og vakið þrá í brjósti lesandans að leggja land undir fót. Hér eru nokkur bókmenntaverk sem ættu að vekja ævintýraþrá ferðalanga.


Vathy á Íþöku en þangað komst Ódysseifur eftir tíu löng löng ár á ferðalagi.

### Ódysseifur / Hómer

Það tók grísku hetjuna Ódysseif tíu ár að ferðast heim til Íþöku eftir Trójustríðin enda þurfti hann að takast á við aftakaveður, mannætuskrímsli og önnur áföll. Nútímaferðalangar geta fetað í fótspor hetjunnar á töluvert styttri tíma en mælt er með að einbeita sér að síðasta legg ferðalags Ódysseifs. Hægt er að byrja á eyjunni Korfú á Grikklandi þar sem er að finna falleg lítil þorp, síðan er hægt að hoppa um borð í ferju til að heimsækja fallegar steinvölufjörur eyjunnar Paxi sem talið er að sé Aeaea eyja þar sem félögum Ódysseifs var breytt í svín. Ferðinni myndi síðan ljúka á heimaslóðum söguhetjunnar á Íþöku.

### Wild / Cheryl Strayed

Strayed skrifaði æviminningar sínar í bók sem heitir Wild. Þar segir hún frá því hvernig hún vann úr mörgum erfiðum málum með því að ganga Pacific Crest Trail sem er um 1.500 km löng leið. Gerð var bíómynd eftir bókinni fyrir nokkrum árum þar sem Reese Witherspoon leikur aðalhlutverkið.

### Gulleyjan / Robert Louis Stevenson

Gulleyjan/Treasure Island er ein af vinsælustu barnabókum síðustu aldar enda fjallar hún um sjóræningja og fjársjóði. Líklega væru margir sem myndu vilja sjá eyjuna fögru sem varð Stevenson innblástur. Þó að engin sérstök eyja sé nefnd í bókinni er talið að Kókoseyja við Kosta Ríka sé það sem kemst næst raunveruleikanum.

### Morðið í Austurlandahraðlestinni / Agatha Christie

Ein af frægustu bókum Christie fjallar um ferðalag Hercule Poirot með Austurlandahraðlestinni þar sem framið er morð. Því miður var upprunalega Austurlandahraðlestin lögð niður árið 2009 en hún gekk á milli Istanbúl í Tyrklandi og Calais í Frakklandi. Aðdáendur bókarinnar geta þó púslað saman ferðalagi um þessar slóðir með ýmsum lestum.

### Frankenstein / Mary Shelley

Hugmyndin að þessari klassísku hryllingssögu um dr. Frankenstein og skrímslið hans vaknaði hjá höfundinum þegar hún ferðaðist um Evrópu. Bókin segir ekki klassíska ferðasögu en fylgjast má með ferðum doktorsins frá hinum glæsilega bæ Landshut í Bæjaralandi þar sem skrímslið verður til og upp í fjöll Genf í Sviss þar sem þeir hittast á ný og loks til Orkneyja við Skotland þar sem vísindamaðurinn reynir að búa til maka fyrir skrímslið.


Cheryl Strayed gekk um 1.500 km leið eftir Pacific Crest Trail.

# Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum. Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

### Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig




langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.


Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.




## NÝTT – LIFE PLANKTON™ ELIXIR SERUM

Húðin verður daglega fyrir áreiti sem flýtir öldrunarferli hennar. Biotherm hefur hannað serum með hæsta styrkleika hins einstaka LIFE PLANKTON™ sem styrkir eigin varnir húðarinnar. Serumið er létt og smýgur fljótt inn í húðina, róar hana og fegrar og hægir á öldrunarferlinu. Án alkahóls, litarefna og parabena.




### LIFE PLANKTON™ MASKI

Taumaski með hæsta hlutfalli LIFE PLANKTON ™. Húðin er hreinsuð og maskinn hafður á í 8 mínútur. Síðan er hann fjarlægður og restinni af seruminu nuddað inn í húðina.

- *Sýnilegur munur á 8 dögum, fallegri húð óháð aldri og húðgerð*
- *9 af hverjum 10 konum finnst húðin fallegri**
- *96% upplifa meiri ljóma*
- *95% upplifa rakanærðari húð*
- *92% upplifa jafnari húðlit*

** Mat 130 kvenna eftir 8 daga notkun*

# BIOTHERM DAGAR
# Í LYFJU 10. - 12. APRÍL

**20%**
**afsláttur**

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

# Páskamúffur eru fallegar á borði

Æðislegar páskamúffur sem skreyta borðið auk þess að vera góðar og fallegar.

**1 bolli sykur**
**1 ¾ bollar hveiti**
**1 ½ tsk. lyftiduft**
**½ tsk. matarsódi**
**½ tsk. salt**
**¼ bolli mjúkt smjör**
**2 egg**
**⅓ bolli sýrður rjómi, 36%**
**¼ bolli grænmetisolía**
**1 msk. vanilludropar**
**⅔ bolli mjólk**

**Krem**
**6 msk. vatn**
**1 ⅓ bolli sykur**
**6 eggjahvítur**
**300 g smjör**
**1 tsk. vanilludropar**
**Gulur matarlitur**

Hrærið saman öllum þurrefnum í múffurnar. Bætið smjörinu saman


**Það er hægt að skreyta páskamúffur á margvíslegan hátt.**

við og hrærið allt saman í þrjár mínútur. Í annarri skál er sýrður rjómi þeyttur með eggjum, olíu og vanilludropum. Setjið því næst saman við þurrefnin. Loks er mjólkinni bætt við og allt hrært saman í fína blöndu. Deigið er látið í múffuform og bakað við 180°C í 14-16 mínútur.

**Fyrir kremið:**
Setjið sykur og vatn í pott. Sjóðið þar til vökvinn er alveg glær. Þeytið eggjahvítur þar til þær verða stífar. Setjið sírópið varlega saman við eggjahvíturnar. Látið þeytast þar til blandan er komin að stofuhita, um það bil 10 mínútur. Lækkið hraðann og bætið smjörinu smátt og smátt saman við. Þeytið áfram þar til verður þykkur frostingur. Setjið vanilludropa og gulan matarlit og hrærið áfram.

Setjið kremið á kökurnar þegar þær hafa kólnað og skreytið að vild.




## Symfonisk frá Sonos og IKEA

Sonos og IKEA kynntu Symfonisk hátalarann og lampann á mánudag. Sonos gerir einhverja bestu hátalara sem völ er á og IKEA þarf vart að kynna. Það er allt upp á tíu komma fimm.

Viðræður hófust 2016 og hafa aðdáendur góðra hljómtækja beðið með eftirvæntingu. Auðvitað kom IKEA kryddið snemma í ljós. Hátalarinn er jú einnig lampi og það með fínasta stofustáss.

„Auðvitað komum við með eitthvað að borðinu og við vitum sitthvað hvað heimilum vantar,“ sagði Björn Block hjá IKEA þegar lampahátalarinn var kynntur.

Ódýrasti Symfonisk hátalarinn kostar um 12 þúsund krónur en ekki er vitað hvað hann kostar lentur í Garðabæ. Hann ku smellpassa í IKEA hillulínuna og getur einnig orðið hilla og borið um þrjú kíló.


**Sítróna er náttúrulegt hreinsiefni.**

## Sítrónu á skítinn

Vorsólin gefur óhreinindum engin grið og tímabært að fríska upp á heimilið með vorhreingerningu. Sítróna gefur ferskan ilm en hún er líka frábær við heimilisþrifin, eyðir fitu og þrífur burt kísil sem sest í kringum blöndunartæki á baði og í eldhúsi. Þá er best að skera sítrónu í tvennt og nudda eða bera á óhreinindin, láta bíða um stund, skrúbba með bursta og skola vel með köldu vatni og þurrka.

Það sama á við sturtuklefa sem verða gráir og mattir af kísil úr hitaveituvatni, en fyrirbyggjandi ráð er að gera sér að reglu að skola klefann eftir notkun með köldu vatni og helst þurrka líka.

Flísar á baði og í eldhúsi verða skínandi hreinar ef nuddaðar með sundurskorinni sítrónu, látið liggja á svolitla stund og skolað vel á eftir og þurrkað.

**Heimild: leidbeiningastod.is**



# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Mótorhjól

ZNEN
*Ókeypis farangursbox út apríl!*



**BENSÍNSVESPA**
**Fyrir 13 ára og eldri.**
**12 tommu felgur, EURO-4 minni eyðsla, minni mengun!**
***Fermingartilboð.***
**Kr. 229.900,-**
NITRO
**Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is**

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
**Sími 564 0400**
**www.bilaraf.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**Gluggar og hurðir**
fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
210 Garðabær
Sími: 480 0000
www.aflvelar.is
sala@aflvelar.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

### Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Húsasmiður tilbúinn til nýrra verkefna. Sími:771-8554

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Vissir þú að...
holl og góð fæða styðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

**Þú finnur draumastarfið á job.is**



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Kennsla



Veitingastaðir

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**
job.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 - 2016



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

# Strikið 1 - Garðabæ.








## Sölusýning í dag, miðvikudag frá kl. 17.00 – 18.00

## Nýjar og glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í Sjálandinu í Garðabæ fyrir 60 ára og eldri.

Íbúðirnar eru frá 84,0 fermetrum upp í 179,6 fermetra og eru til afhendingar fljótlega.

Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum, þakgörðum eða timburveröndum með skjólgirðingum á jarðhæð. Stæði í upphitaðri bílgeymslu fylgir öllum íbúðum.

Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum frá Birgisson. Innréttingar eru frá Axis, heimilistæki frá Ormsson, innihurðir frá Parka og hreinlætistæki frá Tengi.

Innan hússins er salur fyrir íbúa hússins til þess að halda fundi eða mannfagnaði. Ekki er þó um eiginlega félagsaðstöðu að ræða, enda er Þjónustusel Garðabæjar staðsett handan götunnar í Jónshúsi fyrir eldri borgara Garðabæjar.

Verð íbúða er frá 53,8 millj.

Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson og Gunnar Páll Kristinsson hjá Rýma arkitektar.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars

Sjáland er við Arnarnesvog í Garðabæ og í fallegu umhverfi við sjávarsíðuna

# Ferðumst innanlands í sumar.



**JEEP Grand cherokee limited 25th anniversary**. Árgerð 2018, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 8.480.000.** Rnr.213424.



**LAND ROVER Range rover vogue sdv8.** Árgerð 2015, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 15.490.000.** einn með öllu Rnr.116100.



**VOLVO Xc60 t8 twin engine r-design** . Árgerð 2017, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 7.790.000.** Rnr.116762.



**FORD Kuga titanium**. Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.116558.



**TOYOTA Land cruiser 150 35" gx.** Árgerð 2014, ekinn 80 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. **Verð 6.980.000.** mjög góður og vel með farinn Rnr.116731.



**MAZDA Cx-3 optimum**. Árgerð 2016, ekinn 31 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.890.000.** Rnr.360396.



**MERCEDES-BENZ Gle 500 e 4matic plugin** . Árgerð 2018, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 10.590.000.** Rnr.213491.



**VW Caddy vsk bíll.** Árgerð 2017, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.990.000.** + vsk Rnr.360378.



**SUBARU Forester lux**. Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. leður, álfelgur **Verð 3.950.000.** Rnr.116781.



**VOLVO V60 d6 awd summum plug in hybrid**. Árgerð 2017, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.580.000.** Rnr.213410.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**

**BÍLAHÖLLIN**

**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**



**KIA Niro hybrid ex** . Árgerð 2017, ekinn 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.190.000.** Rnr.360390.



**TOYOTA Yaris hybrid edition s**. Árgerð 2017, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.190.000.** Rnr.116755.



**LAND ROVER Discovery s**. Árgerð 2016, ekinn 115 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 5.499.000.** besta verð Rnr.213445.

## Yfir 100 nýlegir bílar á staðnum - Góð verð

## Markvisst unnið að því að laga kynjahlutföll

Á meðal verkefna Samtaka íslenskra auglýsingastofa hefur verið að vekja athygli á hlutverki kvenna í faginu. „Áratugum saman var kynjahalli í stéttinni. Karlmenn voru í lykilhlutverki á stofunum en það hefur sem betur fer breyst til batnaðar. Taka má sem dæmi að áður fyrr voru aðeins karlmenn framkvæmdastjórar stærstu auglýsingastofanna. Nú er það ekki lengur svo," segir Guðmundur.

Elín Helga Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður SÍA, var ráðin framkvæmdastjóri Hvíta hússins árið 2017.

„Karlmenn voru áður í helstu lykilstöðum auglýsingastofa og menningin fremur karllæg. Við förum markvisst í þá vinnu að breyta kynjahlutföllum á Pipar\TBWA árið 2010. Það hefur skilað okkur betra fyrirtæki. Á auglýsingastofunum hefur konum í stjórnendastöðum fjölgað. SÍA lætur framkvæma könnun þess efnis á þriggja ára fresti. Við getum tekið sem dæmi að Selma stýrir hönnunardeildinni okkar."

*Hvað olli þessu, eru auglýsingastofur ófjölskylduvænir vinnustaðir?*

„Ég myndi ekki segja það, en það getur verið mikil vinna á kvöldin. Mögulega hefur konum ekki þótt þetta spennandi starfsvettvangur eða ekki fengið starfið þegar sótt var um.

Við finnum það í okkar rekstri að við náum betri árangri þegar kynjum er blandað saman í teymi. Auk þess eru konur stór markhópur og það þarf að hafa skilning á þeim sem neytendum. Því er mikilvægt að hafa konur með í ráðum í markaðsstarfi."

ljúka fyrir skemmstu. Árangurinn var afar góður. Þetta er dæmi um herferð erlendis sem við vinnum frá Íslandi."

*Hvernig gátu Íslendingar fundið rétta kokkinn í Bandaríkjunum?*

„Okkar sérfræðiþekking felst í að finna réttu áhrifavaldana og koma efni á réttu fjölmiðlana. Við leituðum að kokki sem hafði reynslu af hráefninu og skrifaði mikið. Það var mikilvægt að vanda valið á kokkinum.

Ghostlamp vinnur með minni áhrifavöldum sem eru með 3-20 þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlum en ekki þeim allra stærstu. Ef þeir kunna að meta vöruna eru þeir reiðubúnir að taka þátt í markaðsstarfinu."

*Hvernig er kostnaður herferða sem þessarar samanborið við að birta auglýsingar í dagblaði eða tímariti?*

„Herferð sem þessi kostar ekki mikið. Birtingarleiðirnar eru nefnilega aðrar. Ef birt væri ein auglýsing í dagblaði eða tímariti í Bandaríkjunum myndi það kosta meira en herferðin sem blásið var í. Engu að síður horfðum við til tveggja markaðssvæða, austur- og vesturstrandar Bandaríkjanna."

*Hvernig er að byggja upp ímynd vörumerkja þegar minni áhersla er lögð á dagblöð og sjónvarp? Upplifunin af þeim auglýsingum er meiri en af þeim sem eru á netinu.*

„Það er ekki lögð minni áhersla á dagblöð og sjónvarp. Í vel heppnuðu markaðsstarfi er miðlum blandað saman. Sjónvarp er enn öflugasti miðillinn sem er í boði, áhrifin af þeim auglýsingum eru mikil."

### Horft á línulega dagskrá

*En við horfum æ sjaldnar á línulega dagskrá?*

„Það kemur mörgum á óvart hvað enn er horft mikið á línulega sjónvarpsdagskrá. Vinsælasta sjónvarpsefnið eru beinar útsendingar frá Eurovision og íþróttaviðburðum. Þáttaröðin Ófærð naut líka mikilla vinsælda. Það sameinar fjölskyldur að horfa saman á efni sem þetta. Sjónvarpsauglýsingar birtast heldur ekki aðeins í sjónvarpi heldur flæða þær einnig á netmiðlana. YouTube er sem dæmi miðill þar sem þessar auglýsingar birtast."

*Hvernig standa gömlu miðlarnir, dagblöð, útvarp og sjónvarp, sem auglýsingamiðlar?*

„Mjög vel. Það er mikið áhorf á beinar útsendingar og stóra sjónvarpsþætti, eins og ég nefndi. Auglýsingar í dagblöðum skila einnig góðum árangri. Það er hægt að fanga athygli markhópsins í dagblöðum sem kveikir áhuga hans á að heimsækja vefsíðu eða koma í verslun viðkomandi fyrirtækis og þar eiga sér stað kaup. Að sama skapi er útvarp einnig sterkur miðill sem hefur verið í sókn. Einnig hafa spennandi breytingar átt sér stað í umhverfismiðlum með tilkomu stafrænna auglýsingaskjáa."

Það var nýbúið að skrifa undir kjarasamninga þegar viðtalið fór fram. „Þetta er mikið fagnaðarefni. Það versta í rekstri auglýsinga- og markaðsstofa er óvissa. Viðræðurnar stóðu lengi yfir og í þeirri stöðu héldu fyrirtæki að sér höndum. Við fundum fyrir því. Það sama er oft upp á teningnum þegar efnt er til alþingiskosninga, þá vilja fyrirtæki bíða og sjá hvernig stjórnarmynstur tekur við."

*Áttu von á að fyrirtæki sæki fram í markaðsmálum eftir að skrifað var undir kjarasamninga?*

„Ég vonast til þess. Óvissunni hefur verið eytt, bæði hvað varðar kjarasamninga og stöðu WOW air. Í kjölfar gjaldþrots flugfélagsins hafa borist jákvæðar fréttir úr flugheiminum, erlendir fjárfestir hefur lagt Icelandair Group til aukið hlutafé og flugfélög hafa bætt við sig flugleiðum til og frá Íslandi.

Við höfum ávallt sagt að þegar hægir á í efnahagslífinu er rétt að spýta í lófana í markaðsmálum. Hægt er að vísa í margar rannsóknir því til stuðnings. Fyrirtæki sem gefa í þegar samdráttur verður ná betri árangri þegar aftur fer að glæðast í efnahagslífinu.

Gott dæmi um það er frá því í seinni heimsstyrjöldinni. Stríðið gerði það að verkum að ekki var hægt að framleiða og selja smjör í Bretlandi. Allir framleiðendurnir hættu því að auglýsa nema einn. Hann hélt ótrauður áfram jafnvel þótt varan væri ekki framleidd um stundarsakir og lagerinn uppurinn. Að stríði loknu var hægt að hefja aftur framleiðslu á smjöri og þá stóð eitt vörumerki uppi í huga fólks. Sala þess gekk afar vel á árunum eftir stríð.

Í rekstri fyrirtækja er sársaukalaust að skera niður það fé sem varið er til markaðsmála en það getur haft dýrkeyptar afleiðingar í för með sér."

### Fimm uppsagnir

*Pipar upplýsti nýverið að stofan yrði að draga saman seglin vegna samdráttar sem meðal annars má rekja til óvissu vegna kjarasamninga. Þið söguðuð upp fimm starfsmönnum og lækkuðuð laun allra um 10 prósent í sex mánuði.*

„Auglýsingamarkaðurinn er kvikur og við verðum að bregðast við breyttum aðstæðum. Það þarf að sýna ábyrgð í rekstri fyrirtækja. Þegar hægir á þarf að taka erfiðar ákvarðanir. Þegar vel gengur ráðum við hins vegar starfsfólk."

Það voru einkum grafískir hönnuðir sem misstu vinnuna hjá auglýsingastofunni. Guðmundur vekur athygli á að um svipað leyti hafi stofan bætt við sig sérfræðingum í netmarkaðssetningu. „Þar er verkefnum að fjölga."

*Af hverju völduð þið sex mánaða tímabil?*

„Við erum bjartsýn á að markaðurinn muni taka við sér. Reynslan er sú að það er mest að gera á vorin og haustin en svo er sumarið rólegt. Við vorum sannfærð um að leyst yrði úr flækjunni við gerð kjarasamninga með farsælum hætti og að í kjölfarið myndi landið taka að rísa á ný."

*Hvernig tóku starfsmenn því að launin þeirra yrðu lækkuð um tíu prósent í sex mánuði?*

„Starfsfólk okkar hefur starfað lengi við fagið. Það veit hvernig rekstrarumhverfið er. Það voru allir reiðubúnir að taka höndum saman. Ef við hefðum ekki farið í þessa aðgerð hefðum við mögulega þurft að segja upp fleirum á næstu mánuðum."

*Það er talað um að auglýsingastofur séu kanarífuglinn í göngunum. Hvenær byrjaði samdrátturinn?*

„Samdrátturinn hófst síðastliðið haust. Eflaust hefði hann byrjað fyrr en HM í knattspyrnu var um sumarið og mörg fyrirtæki vildu taka þátt í þeirri upplifun. Segja má að við höfum fundið fyrir timburmönnum eftir það. Í kjölfarið birtist minna af auglýsingum í fjölmiðlum.

Það er eðlilegt að fyrirtæki vilji tengjast stórviðburðum. Það bitnaði til að mynda á rekstri auglýsingastofu TBWA í Hollandi að landsliðið þeirra skyldi ekki hafa komist á EM fyrir rúmlega þremur árum. Holland hefur alltaf komist á stórmót í knattspyrnu en ekki í þetta skiptið. Sú auglýsingastofa er með marga stóra viðskiptavini eins og bjórframleiðandann Heineken sem voru ekki eins áberandi því þeirra lið var ekki með."

> **Góðar auglýsingar geta því einar og sér ekki skapað öflug fyrirtæki ef undirstöðurnar eru ekki til staðar.**

### Símanúmerið frá 1967

*Pipar hefur byggst upp með sameiningum og yfirtökum. Í svipinn man ég eftir stofunum Mixa, TBWA\Reykjavík og Fíton.*

„Það er hægt að rekja sögu stofunnar langt aftur í tímann. Símanúmerið okkar var áður notað af AUK, auglýsingastofu Kristínar sem stofnuð var 1967.

Margar auglýsingastofur eru byggðar upp með sameiningum og yfirtökum. Það er verið að reyna að finna taktinn í rekstri fyrirtækjanna sem er næmur fyrir uppgangi og niðursveiflum í efnahagslífinu.

Enn fremur kemur það fyrir að ákveðinn kjarni innan stofu gengur út og stofnar nýja, svo jafnvel sameinast sú stofa annarri áður en langt um líður.

Auk þess ríkir mikil samkeppni á markaðnum og það gengur í bylgjum hver er í tísku hverju sinni. Aðra stundina er tiltekin stofa í tísku en nokkru síðar gefur á bátinn. Þannig að jafnvel þótt það gangi vel þarf það ekki að það þýða að reksturinn muni ganga vel að þremur árum liðnum.

Það eru 17 í hluthafahópi Pipar/TBWA. Allir hluthafar eru starfsmenn nema einn, sem er fjárfestir tengdur starfsfólki. Við Valgeir Magnússon, starfandi stjórnarformaður, erum stærstu hluthafarnir. Aðrir stórir hluthafar eru Selma Rut Þorsteinsdóttir, sem stýrir hönnunardeildinni, og Kristján Már Hauksson, stofnandi The Engine, Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Björn Jónsson sem voru eigendur Fíton. Fjöldi lykilfólks á minni hlut í stofunni.

Auglýsingastofa er ekkert annað en starfsfólkið sem mætir í vinnuna. Það er oft þannig að það er ákveðinn kjarni innan stofunnar sem skapar DNA hennar. Svo er bætt við hópinn eða dregið úr eftir árferði."

### Hugmyndavinna eins og laxveiði

Talið berst að hugmyndavinnunni. „Grunnurinn að öllu sem við gerum er hugmyndin. Ef hún er góð fellur allt hitt saman og árangurinn er góður. Þá nær hún til markhópsins á öllum miðlum.

Það getur verið erfitt að selja hugmyndavinnuna. Ég hef oft lýst því þannig að hún er eins og að veiða lax. Hægt er að standa við hyl og koma samstundis auga á lax. Það er hent einu sinni út í ána og fiskurinn grípur strax.

Því næst er farið að öðrum hyl, fiskurinn lætur sjá sig en jafnvel þótt reynt sé að veiða hann í margar klukkustundir bítur hann ekki á agnið. Þannig er hugmyndavinnan. Stundum kemur hugmyndin strax og stundum er reynt og reynt og reynt og það kemur ekkert.

Áður en hafist er handa við hugmyndavinnu er lögð vinna í rannsóknir á markhópnum. Hugmyndin verður að hæfa tilefninu."

*Hvað tekur langan tíma að byggja upp vörumerki?*

„Það er tímafrekt og krefst góðrar strategíu. Fyrirtæki geta birt mikið af auglýsingum, verið áberandi og komið tilteknum skilaboðum á framfæri við neytendur. Það er hins vegar ekki nóg. Það þarf að byggja upp traust, fá viðskiptavini til að tala um vöruna og mæla með henni. Upplifun viðskiptavina af vörumerkinu, hvað þeir segja um það, er vörumerkið sjálft. Það tekur tíma að ná þeim árangri.

Það er til skemmtileg saga sem lýsir þessu ágætlega. Tveir hamborgarastaðir voru opnaðir á sama tíma í sitt hvorum enda bæjarins. Annar auglýsti eins og hann ætti lífið að leysa. Allir komu og prófuðu hamborgarana. Þeir voru vondir og veitingastaðurinn fór á hausinn skömmu eftir opnun.

Hinn hamborgarastaðurinn bauð upp á jafn vondan hamborgara en auglýsti aldrei. Sá staður lifði mun lengur því það tók bæjarbúa lengri tíma að prófa matinn og uppgötva að hann var í raun og veru bragðvondur.

Það voru því ekki auglýsingarnar sem drápu fyrrnefnda hamborgarastaðinn heldur var varan einfaldlega léleg. Góðar auglýsingar geta því einar og sér ekki skapað öflug fyrirtæki ef undirstöðurnar eru ekki til staðar. Það þarf allt að smella saman."





Guðmundur sá tækifæri í þróun hugbúnaðarlausnar sem meðal annars nýtir gervigreind til að finna grunsamleg hegðunarmynstur í fjármálakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ekki óhult fyrir peningaþvætti að utan

**Meiri samhæfing á milli íslensku bankanna og notkun gervigreindar getur stóreflt varnir gegn peningaþvætti að sögn sérfræðings. Bankar þurfa að geta greint mynstur í heildarkerfinu. Erlend glæpastarfsemi með rannsóknardeildir til að finna veikasta hlekkinn.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fjármálakerfi Íslands gæti verið berskjaldað fyrir peningaþvætti erlendrar glæpastarfsemi þar sem bankarnir hafa hver sín eigin kerfi og eiga því erfitt með að greina grunsamleg hegðunarmynstur í kerfinu í heild sinni.

Þetta segir Guðmundur Kristjánsson, stofnandi fjártæknisprotans Lucinity, í samtali við Markaðinn. Guðmundur stofnaði Lucinity í síðastliðið haust eftir að hafa starfað sem yfirmaður samskiptaeftirlits og gervigreindar hjá fjármálarisanum Citigroup. Hugbúnaðarlausnin sem Lucinity er að þróa vinnur úr upplýsingum um allar aðgerðir viðskiptavina fjármálafyrirtækis og nýtir sér gervigreind til að finna grunsamleg hegðunarmynstur. Þannig er hægt að efla eftirlit með allri regluvörslu og koma frekar í veg fyrir peningaþvætti innan fjármálakerfis.

„Kerfin í dag eru takmörkuð að því leyti að þau eru með fyrirfram skilgreindar reglur og bregðast með ákveðnum hætti við aðgerðum hjá viðskiptavinum. Gervigreind hefur fram til þessa verið í mjög takmörkuðum mæli nýtt til að greina peningaþvætti, þótt eðli vandamálsins henti mjög vel fyrir slíka nálgun,“ segir Guðmundur. „Okkar lausn er hönnuð til að leita uppi mynstur í hegðun notenda og til að auðvelda starfsmönnum sem vinna í regluvörslu að sjá og skilja hvað er í raun og veru að gerast í þeirra eigin kerfum.“

Spurður hvernig Ísland standi þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti vísar Guðmundur til skýrslu Financial Action Task Force (FATF), alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem birt var vorið 2018. Þar var íslenskum stjórnvöldum sagt að taka sig á og innleiða öflugri varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta varð kveikjan að nýju frumvarpi sem varð að lögum í byrjun þessa árs. Enn er þó hægt að gera margt betur og þar skiptir samhæfing hjá íslensku bönkunum og eftirlitsaðilum miklu máli.

„Íslensku bankarnir eru að reyna að gera vel í þessum málum en vandinn er að þeir eru hver í sínu horni að nota sitt kerfi. Þannig sér hver banki aðeins hluta af heildarmyndinni. Það vantar samvinnu á milli þeirra í þessum efnum og auk þess eru kerfin sem standa til boða misjöfn.“

### Stjórnendur Danske Bank brugðust eftirlitshlutverki sínu

Danske Bank er þessa dagana til rannsóknar vegna meints peningaþvættis í útibúum bankans í Eistlandi en um er að ræða eitt stærsta mál af þessu tagi sem upp hefur komið í Evrópu. Spurður hvað hafi farið úrskeiðis nefnir Guðmundur tvö atriði.

„Í fyrsta lagi virðist vera að stjórnendur bankans hafi algjörlega brugðist eftirlitshlutverki sínu. Það þurfti engan tölfræðing til að sjá að það var alltof mikið fjármagnsflæði að koma frá Eystrasaltslöndunum. Í öðru lagi brugðust eftirlitsstofnanir,“ segir hann og ber bandaríska og breska eftirlitskerfið saman við það evrópska.

„Eftir fjármálahrunið tóku bandarískar og breskar eftirlitsstofnanir harkalega á stórum bönkum sem staðnir höfðu verið að peningaþvætti og markaðsmisnotkun. Þeir voru sektaðir um háar fjárhæðir og lentu á forsíðum blaðanna sem hefur mikinn fælingarmátt fyrir viðskiptavini og hluthafa. Síðan var þeim gert skylt að koma eftirlitsferlum og kerfum í lag,“ segir Guðmundur.

Evrópskar eftirlitsstofnanir hafa hins vegar ekki gengið jafn hart á eftir fjármálafyrirtækjum að sögn Guðmundar. Það endurspeglist til dæmis í því að starfsmenn í regluvörslu stórra bandarískra banka skipti þúsundum en starfsmenn í regluvörslu samsvarandi evrópskra banka séu aðeins brot af því, þó að það sé nú óðum að breytast. Það er því viðbúið að kostnaður vegna regluvörslu geti vaxið verulega á næstu árum og afar mikilvægt að bankar taki upp nýjar lausnir sem gera ferlið skilvirkara og ekki eins mannauðsfrekt.

### Viðamiklar rannsóknardeildir leita að veikasta hlekknum

Þá vaknar sú spurning hvort íslenskt fjármálakerfi sé berskjaldað fyrir fjármagnsflutningum eins og þeim sem fóru gegnum útibú Danske Bank í Eistlandi. Guðmundur segir að áhættan sé til staðar, sérstaklega eftir afnám fjármagnshaftanna.

„Það getur gerst. Ef við skoðum peningaþvætti á heimsvísu þá er það talið nema 2.400 milljörðum Bandaríkjadala en í dag eru yfirvöld að ná um 1-2 prósentum af þessum færslum. Það segir sig sjálft að þegar um er að ræða svo háar fjárhæðir þá eru glæpamenn með viðamiklar rannsóknar- og þróunardeildir sem leita bestu leiðanna til að þvo peninga. Það eru síðan fyrirtæki eins og okkar á hinum endanum sem reyna að finna út hver er veikasti hlekkurinn. Ef Ísland verður veikur hlekkur þá horfum við fram á að hingað leiti óhreint fjármagn,“ segir Guðmundur og bætir við að fælingarmáttur sé stór þáttur í vörnum gegn peningaþvætti.

„Ef glæpamenn meta það sem svo að það séu meiri líkur á að peningaþvætti verði afhjúpað á Íslandi en t.d. í Danmörku þá reyna þeir frekar að nýta sér fjármálastofnanir í Danmörku. Til þess að koma betur í veg fyrir það þarf einnig samhæfingu í allri Evrópu, eins og Evrópusambandið er nú að ræða.“

### Undirheimar finna ýmsar leiðir

Fjármagnsflutningar á milli landa eru ein hlið á peningaþvættisvandanum. Önnur hlið er peningaþvætti innlendrar glæpastarfsemi en til að koma í veg fyrir það er samhæfing á milli banka ekki síður mikilvæg.

„Undirheimarnir á Íslandi eru án efa að þvo háar fjárhæðir og hafa ýmsar leiðir til þess. Það var ágætt dæmi um þetta í kvikmyndinni Svartur á leik þar sem glæpamennirnir fóru með 999 þúsund krónur í þrjú útibú sem tilheyrðu sitthverjum bankanum. Þó svo að einn banki hafi gott kerfi þá er vandinn sá að það er lítil samhæfing þeirra á milli og þeir sjá því ekki heildarmyndina. Mikilvæg leið til að koma í veg fyrir peningaþvætti sem á sér stað innanlands er að bankarnir komi á fót sameiginlegu kerfi og geti unnið saman á þessu sviði.“

## Hneykslið sem skekur norræna banka

Vorið 2017 var greint frá því að danska fjármálaeftirlitið væri með til rannsóknar hvort glæpamenn frá Sovétríkjunum fyrrverandi hefðu notað norrænu bankana Danske Bank og Nordea sem lið í stórfelldu peningaþvætti. Síðan þá hefur hneykslið undið upp á sig. Í ljós kom að 200 milljarðar evra hefðu runnið gegnum útibú Danske Bank í Eistlandi á árunum 2007 til 2015 og að stór hluti af færslunum væri grunsamlegur. Til að samanburðar var landsframleiðsla Eistlands 29 milljarðar evra árið 2017. Forstjórinn Thomas Borgen sagði af sér í kjölfarið og bankinn á yfir höfði sér málsóknir frá hluthöfum og háar fjársektir frá yfirvöldum. Þá er sænski bankinn Swedbank einnig flæktur í hneykslið. Lars Idermark stjórnarformaður lét af störfum í byrjun apríl eftir að hafa rekið Birgitte Bonnesen bankastjóra sem hafði áður haft umsjón með rekstri Swedbank í Eystrasaltslöndunum.



Elísabet hafði starfað hjá Marel í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Horfa til vaxtar í Asíu og á Bandaríkjamarkaði

## Svipmynd

**Elísabet Austmann**

**Nám:**
MBA frá Háskólanum í Reykjavík
B.Sc. alþjóðamarkaðsfræðingur frá Tækniháskóla Íslands.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá Orf Líftækni / Bioeffect frá apríl 2019.
Starfaði hjá Marel í 8 ár, þar sem ég byrjaði sem sýningastjóri árið 2011, tók svo við starfi þróunarstjóra hjá Marel í Kaupmannahöfn árið 2013, þar sem við settum á laggirnar sýningar- og þjálfunarhús fyrir viðskiptavini og starfsmenn. Árið 2016 tók ég við sem forstöðukona á alþjóðlegu markaðssviði og bar ábyrgð á vörumerkinu Marel og deildin sá um framleiðslu á öllu markaðsefni fyrir fyrirtækið á alþjóðavísu.
Framkvæmdastjóri sölu og markaðsmála hjá Birtingi tímaritaútgáfu frá 2008-2011.
Vörumerkjastjóri (Brand Manager) hjá Glitni Banka 2006-2008.

**Fjölskylduhagir:**
Er gift Hilmari Garðari Hjaltasyni, ráðgjafa hjá Capacent, og eigum við saman þrjú börn á aldrinum 21-26 ára, þau eru Máni Austmann, Dagur Austmann og Anna Björk.

Elísabet Austmann hóf störf sem markaðsstjóri ORF Líftækni í byrjun mánaðar en hún hafði áður starfað í átta ár hjá Marel, meðal annars sem forstöðukona á alþjóðlegu markaðssviði fyrirtækisins.

*Hver verða helstu verkefnin í nýja starfinu?*

Að vinna með frábæru teymi hönnuða og markaðsfólks hér í fyrirtækinu að áframhaldandi vörumerkjauppbyggingu á Bioeffect húðvörulínunni og koma vörunum betur á framfæri á núverandi og nýjum mörkuðum.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Morgunrútínan er frekar einföld á virkum dögum, klukkan hringir klukkan sjö, tvö snús, sturta, ber á mig uppáhaldið þessa dagana Bioeffect EGF +2A Daily Treatment sem var að koma út í nýjum umbúðum og er trufluð tvenna fyrir okkur sem erum að berjast við roða í andliti, svo kaffi og göngutúr með hundinn Frosta. Þegar við fjölskyldan bjuggum í Kaupmannahöfn vorum við dugleg að fara út um helgar í morgunmat og gerum ennþá þegar fjölskyldumeðlimir eru lausir.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég er mikil fjölskyldukona og bestu stundirnar eru með mínu fólki þegar það er fullt hús. Við hjónin erum svo lánsöm að eiga góðan hóp vina sem er alltaf gaman að hitta. Við förum á skíði, göngum með hundinn Frosta, ferðumst erlendis og innanlands þar sem uppáhaldsstaðurinn er Vestfirðir en fjölskylda mannsins míns er frá Bolungarvík og þar er algerlega dásamlegt að vera. Ég fylgist líka frekar vel með fótbolta þar sem synir mínir eru báðir að spila í Pepsi-deildinni með HK og ÍBV. Markmiðið er að bæta við golfi á þessu ári, sjáum hvort ég nái að gera það að áhugamáli! Svo er þetta kannski klisja, en ég hef brennandi áhuga á markaðsmálum og vörumerkjauppbyggingu og hef verið svo ótrúlega lánsöm að fá útrás fyrir það í gegnum mína vinnu.

*Hvaða bók ert þú að lesa eða last síðast?*

Ég var á flugvelli fyrir nokkru og sá þessa bók í hillunni: „The Subtle Art of Not Giving a F*ck“ eftir höfundinn og bloggarann Mark Manson. Ég hef ekki verið mikið fyrir svona bækur en mér fannst titillinn frekar skemmtilegur þannig að ég skellti mér á eintak. Þetta er ótrúlega skemmtileg bók, skrifuð á mannamáli og notar hann „f“-orðið til að leggja áherslu á það sem hann er að segja. Bókin fjallar um það að lifa í sátt við sjálfan sig í heimi þar sem gerðar eru endalausar kröfur um „meira“ eða: eiga meira, gera meira, fá meira í stað þess að gera það sem skiptir raunverulega máli fyrir þig.

*Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?*

Í gegnum tíðina hef ég unnið með mjög öflugu fólki og stjórnendum sem ég hef lært mikið af en einnig hef ég kynnst stjórnunarháttum sem mér líkar ekki. Ég hef tileinkað mér að koma til dyranna eins og ég er klædd, set mig ekki á háan hest og kem eins fram við alla. Ég vil að allir viti hvert við erum að stefna og hlutverk hvers og eins sé skýrt og að fólk finni að það hafi umboð til athafna.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar sem ORF Líftækni stendur frammi fyrir?*

Við erum að spila á gríðarlega miklum samkeppnismarkaði með húðvörulínuna Bioeffect. Helstu áskoranir eru að ná í gegn til okkar markhóps og halda áfram að byggja upp vörumerkið í gegnum vöruþróun og vörumerkjavitund.

*Hver eru tækifærin fram undan og hvað felst í þeim?*

Markaðurinn sem við erum að spila á er gríðarlega stór og liggja tækifærin í þeirri einstöku uppfinningu sem ORF Líftækni hefur komið með í gegnum Bioeffect húðvörulínuna. Við erum í dag að selja Bioeffect vörulínuna okkar á um 30 mörkuðum um allan heim og stærstu tækifærin til frekari vaxtar teljum við liggja í Bandaríkjunum og stærstu hagkerfum Asíu.





# Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2019

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

**Próf úr I. hluta**

| | |
|---|---|
| 26. ágúst 2019 | Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar. Ágrip úr réttarfari. |
| 27. ágúst 2019 | Viðfangsefni úr fjármunarétti, félagaréttur, ábyrgðir. |
| 28. ágúst 2019 | Viðskiptabréfareglur, veðréttindi, þinglýsingar. |

**Próf úr II. hluta**

| | |
|---|---|
| 2. september 2019 | Grunnatriði í fjármálafræðum. |
| 3. september 2019 | Grunnatriði úr þjóðhagfræði. |
| 4. september 2019 | Greining ársreikninga. |

**Próf úr III. hluta**

| | |
|---|---|
| 9. september 2019 | Lög og reglur á fjármálamarkaði. |
| 10. september 2019 | Viðskiptahættir. |
| 11. september 2019 | Verðbréf, afleiður og gjaldeyrir. |
| 12. september 2019 | Fjárfestingarferli. |

Próftími er fjórar klukkustundir og hefst hvert próf kl: 16:00.

Prófsefni er tilgreint í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis:
**https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/**

Um prófin fer samkvæmt reglugerð um próf í verðbréfaviðskiptum, nr. 633/2003.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR:
**http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/**

**Skráningu í haustpróf lýkur 20. júní 2019.**

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 23.000 fyrir hvert próf. **Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2017-2018.

Hinn 26. júní 2019 verður skráðum próftökum tilkynnt um þau haustpróf sem haldin verða.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem haldin verða.

**Reykjavík, 10. apríl 2019.**
**Prófnefnd verðbréfaviðskipta**

# Skotsilfur

## Jón Björnsson til Brauðs & Co



**Jón Björnsson**, fyrrverandi forstjóri Festar, tók nýverið sæti stjórnarformanns bakarísins Brauðs & Co. Um leið var stjórninni skipt út og fjórir nýir, auk Jóns, tóku þar sæti eða þeir Birgir Þór Bieltvedt, Magnús Hafliðason, Ágúst Einþórsson og Þórir Snær Sigurjónsson.

Jón, sem leiddi vel heppnaða umbreytingu á rekstri Festar, lét af störfum sem forstjóri félagsins síðasta haust og var í kjölfarið kjörinn stjórnarformaður Krónunnar. Hann situr auk þess í fleiri stjórnum hér á landi og á Norðurlöndunum.

## Nálgast ríkisbréfin



Það er ekki ofsögum sagt að helsta verkefni bankanna – nú þegar hagkerfið er tekið að kólna og samkeppnisumhverfið að breytast hratt – sé að auka arðsemi af rekstri sínum. Og þar eiga þeir mikið verk fyrir höndum, eins og **Harpa Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri á sviði fjármálastöðugleika í Seðlabankanum, nefndi á fundi í bankanum í síðustu viku. Hún sagði arðsemina hafa farið minnkandi undanfarið og nú væri svo komið að hún væri einungis um einu prósentustigi meiri en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til eins til tveggja ára.

## Eftirsóttur



**Bjarni Þorvarðarson**, forstjóri Coripharma, kom nýverið nýr inn í stjórn Símans en hann hefur mikla þekkingu á fjarskiptageiranum vegna fyrri starfa sinna hjá Vodafone á Íslandi og Hibernia Networks.

Bjarni sækist einnig eftir sæti í stjórn Eikar fasteignafélags á aðalfundi í dag. Því til viðbótar situr hann í stjórn fiskeldisfyrirtækisins Matorku. Hann ætti því að hafa nóg á sinni könnu þessi dægrin.

# Avókadó snarhækkar í verði



Verð á mexíkóskum lárperum, svonefndu avókadó, hefur hækkað um allt að þriðjung á síðustu dögum vegna aukinnar eftirspurnar af hálfu bandarískra neytenda sem óttast að Donald Trump Bandaríkjaforseti muni á næstunni loka landamærunum að Mexíkó með þeim afleiðingum að viðskipti á milli ríkjanna minnki snarlega. Hefur verðið á ávextinum ekki hækkað jafn mikið á svo skömmum tíma í tíu ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áratug síðar



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Nær lygilegur viðsnúningur efnahagslífsins hófst í ársbyrjun 2011. Frá þeim tíma hefur hagkerfið vaxið um þriðjung, þjóðhagslegur sparnaður fjórfaldast og hrein erlend staða þjóðarbúsins tekið snarpa beygju upp á við. Þetta er öfundsverð staða og ólík þeirri sem var uppi árið 2007. Uppsafnaður viðskiptahalli á árunum 2003-2007 nam mörg hundruð milljörðum króna og í árslok 2007 var erlend staða þjóðarbúsins neikvæð um 130% af landsframleiðslu. Viðvarandi viðskiptaafgangur síðustu ára hefur skapað skilyrði til þess að greiða niður skuldir og safna í gjaldeyrisvarasjóð. Nú nemur hrein erlend eignastaða um 10% af landsframleiðslu. Þá býr Seðlabankinn yfir 750 milljarða króna gjaldeyrisforða og hefur því verulegt svigrúm til að bregðast við gengissveiflum.

Í árslok 2008 vakti Ísland heimsathygli þegar banka- og gjaldeyriskreppa skall á af fullum þunga. Í dag er staðan önnur. Viðnámsþróttur bankanna hefur verið aukinn, margfalt meiri kröfur eru gerðar um eigið fé og lausafjárreglur hafa verið hertar. Íslenskir bankar eru betur í stakk búnir til að takast á við áföll nú en áður. Fjármagnshöft voru innleidd í árslok 2008, þau áttu að vera tímabundin en tíu og hálfu ári síðar voru síðustu leifar hafta afnumdar þegar bindiskylda á innflæði fjármagns var lækkuð niður í 0%. Ísland vekur heimsathygli á ný, en að þessu sinni er það sterk staða hagkerfisins sem vekur athygli.

Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hækkaði Seðlabankinn stýrivexti í 18%, krónan féll og verðbólga rauk upp í 19%. Í dag eru stýrivextir 4,5%, gengið er stöðugt og verðbólga við markmið. Fjögurra ára kjarasamningur, sem nýverið var undirritaður, skapar vonandi skilyrði til lækkunar vaxta. Vaxtalækkun styður við fjárfestingu í landinu, eykur hagvöxt og stuðlar að áframhaldandi fjölgun starfa.

Viðbrögð stjórnvalda við síðustu niðursveiflu voru að hækka skatta til að brúa hallarekstur. Þá var nýjum sköttum einnig bætt við; bankaskattur, sérstakur fjársýsluskattur, gistináttaskattur og kolefnisgjald eru dæmi um slíka skatta. Nú þegar hagvöxtur minnkar boða stjórnvöld skattalækkanir. Tryggingagjaldið lækkar um 0,25% um næstu áramót, bankaskatturinn mun lækka í fjórum áföngum úr 0,376% í 0,145%. Þá eru einnig boðaðar lækkanir á tekjuskatti einstaklinga með upptöku á nýju neðsta þrepi tekjuskatts.

Samanburður á þeirri stöðu sem nú er uppi og fyrir áratug er þörf áminning um mikilvægi þess að búa í haginn. Áskoranir eru þó fram undan. Laun á Íslandi eru há í alþjóðlegum samanburði og hvergi rennur stærri hluti af verðmætasköpun til launþega en á Íslandi. Hár launakostnaður samfara minnkandi hagvexti mun reynast mörgum fyrirtækjum þungbær og munu þau þurfa að grípa til hagræðingar. Hið opinbera þarf, líkt og fyrirtækin, einnig að bregðast við niðursveiflu. Opinber útgjöld hafa vaxið að raunvirði um 25% frá árinu 2011. Á sama tíma hafa 8.800 ný störf orðið til hjá hinu opinbera, þar af 1.200 í opinberri stjórnsýslu og fjölgaði um 17% á tímabilinu. Aukin útgjöld ár frá ári hafa dregið úr svigrúmi til skattalækkana, en skattheimta hér á landi er ein sú hæsta innan OECD. Boðaðar skattalækkanir stjórnvalda eru því fagnaðarefni en eftir sem áður verður Ísland háskattaríki í erlendum samanburði.

Ganga þarf lengra í skattalækkunum. Þrátt fyrir fyrirhugaða lækkun bankaskatts verður sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki enn rúmlega fimmföld á við sambærilega skattlagningu í nágrannaríkjum. Heimili og fyrirtæki greiða fyrir bankaskattinn í formi hærri vaxta og því mikilvægt að stjórnvöld hugi að frekari lækkun hans. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður í fyrra undir því yfirskini að skattstofninn yrði endurskoðaður. Sú endurskoðun hefur þó ekki átt sér stað en hár fjármagnstekjuskattur dregur úr hvata til fjárfestingar sem er grundvöllur atvinnuskÖpunar. Frekari lækkun tryggingagjalds til samræmis við það sem áður var lofað yrði jafnframt mikilvæg aðgerð. Tryggingagjaldið leggst á launagreiðslur fyrirtækja og væri innlegg stjórnvalda til að draga úr háum launakostnaði og stuðla að fjölgun starfa. Hér eru dæmi um skatta sem nauðsynlegt er að lækka en meira þarf að koma til. Í uppsveiflunni var ekki skapað rými til skattalækkana – nú hlýtur sá tími að vera kominn.

# Kyrrsetning flugvélar varpar ljósi á ósanngirni í boði ríkisins

**SKOÐUN**



**Helgi Vífill Júlíusson**

Það er með ólíkindum að opinbert hlutafélag skuli hafa fengið heimild til að taka eigur annarra traustataki. Nú er svo komið að opinbera hlutafélagið, sem er í reynd ríkisstofnun, neitar að láta flugvél af hendi nema réttmætur eigandi greiði skuld sem hann stofnaði ekki til.

Isavia, sem rekur Flugstöð Leifs Eiríkssonar, kyrrsetti flugvél sem hið gjaldþrota WOW air hafði á leigu. Leigusalinn fær ekki vélina til baka nema hann greiði öll lendingargjöld sem flugfélagið skuldaði flugvellinum. Það eru tæpir tveir milljarðar króna.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að það tíðkist að flugvellir taki veð í flugvélum fyrir ógreiddum lendingargjöldum sem rekja megi til vélanna. Það sé hins vegar fáheyrt að flugvellir taki veð í einstökum flugvélum fyrir öllum skuldum flugfélaga en Heathrow-flugvöllur hafi sama háttinn á.

Jafnvel þótt leikreglurnar liggi skýrt fyrir er flugvöllurinn að misnota yfirburði sína. Í öðrum rekstri kemst enginn upp með að haga sér með sama hætti, það er ekki hægt að taka veð í leiguíbúð vegna námslána leigutakans.

Þetta er ósanngjarnt gagnvart öðrum kröfuhöfum. Fari flugfélag í þrot eru kröfur flugvallar í raun rétthærri en kröfur allra annarra, til dæmis launakröfur starfsmanna flugfélagsins, og því skiptir það flugvöllinn litlu máli þótt flugfélög safni skuldum.

Flugvöllurinn hefur í raun hagsmuni af því að leyfa flugfélagi að safna skuldum í þeirri von að því takist að lokum að bjarga rekstrinum. Kröfur flugvallarins eru tryggðar. Setji flugvöllurinn flugfélaginu stólinn fyrir dyrnar kann það að hafa áhrif á fjölda farþega um völlinn.

Þetta fyrirkomulag ætti að leiða til þess að það er ekki jafn eftirsóknarvert fyrir leigusala og fjármálastofnanir að eiga viðskipti við flugfélög sem fljúga til Íslands og hlýtur að leiða til hærra verðs og/eða annarra kvaða til að skapa borð fyrir báru.

Það að reka flugvöll er hættuspil jafnvel þótt til staðar séu víðtækar heimildir til kyrrsetningar: 21 flugfélag hefur farið í gjaldþrot á undanförnum tólf mánuðum, samkvæmt samantekt veftímaritsins Skift.

Háar fjárhæðir eru bundnar í rekstri Leifsstöðvar og stefnt er að því að fjárfesta ríkulega í vellinum til að koma til móts við fjölgun ferðamanna. Því miður er hann alfarið í eigu ríkisins og því er verið að tefla djarft með fé skattborgara. Eðlilegast væri að selja flugvöllinn og láta fjárfesta bera áhættuna. Reynslan af opinberum framkvæmdum er slæm.

## AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL

# 30%

## AF ÖLLUM VÖRUM ... OG MEIRA AF SUMUM



**SUPPORT**
LISTAVERÐ 38.900 KR.
**NÚ 27.230 KR.**



**HEADPOINT**
LISTAVERÐ 79.900 KR.
**NÚ 49.900 KR.**



**W3**
LISTAVERÐ 84.900 KR.
**NÚ 42.450 KR.**



**RAFMAGNSFÆTUR**
LISTAVERÐ 68.500 KR.
**NÚ 47.950 KR.**



**ATHENA**
LISTAVERÐ 73.900 KR.
**NÚ 36.950 KR.**



**CAFÉ VII**
LISTAVERÐ 27.900 KR.
**NÚ 14.900 KR.**
SVARTUR/HVÍTUR Á GRÁUM FÓTUM

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 10. apríl 2019
FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins @frettabladid

# Vilja nýta kaupréttinn í HS Orku

Tillaga stjórnar Jarðvarma, sem er í eigu fjórtán lífeyrissjóða, um að ganga inn í viðskipti um kaup á 54 prósenta eignarhlut í HS Orku var samþykkt á hluthafafundi félagsins í gærmorgun.

Jafnframt var samþykkt tillaga um að auka hlutafé félagsins í tengslum við áformuð kaup en kaupverðið er um 37 milljarðar króna. Í framhaldinu mun tillagan fara fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna í hluthafahópnum sem þurfa einnig að samþykkja hana.



**Davíð Rúdólfsson, stjórnarformaður Jarðvarma.**

Tillaga Jarðvarma gerir ráð fyrir því að kaupin verði gerð í samfloti með fjárfestingarfélaginu Ancala Partners.

Sjóður Macquarie náði nýverið samkomulagi við Innergex um kaup á 54 prósenta hlut í HS Orku en Jarðvarma stendur til boða að nýta sér kauprétt og ganga inn í viðskiptin. **– hae**

**7.4.2019**

**Ég sé ekki í fljótu bragði að þetta sé samningur sem sé dýrkeyptur fyrir Samtök atvinnulífsins. Ég get ekki séð það. [...] Vel gert fyrir þá.**



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

## Stjórnarmaðurinn

## Gjörbreytt umhverfi

**Apple** tilkynnti á dögunum að félagið ætlaði sér að setja á laggirnar eigin streymiþjónustu í anda Netflix – Apple TV+. Bandaríski risinn bætist því í hóp valinkunnra alþjóðlegra stórfyrirtækja sem sett hafa upp efnisveitur. Hulu er í eigu Disney, Comcast, Warner og NBC. Amazon rekur Prime Video. HBO streymir gegnum HBO Now. Nú segir sagan að Disney ætli að setja upp eigin veitu, og þá óvíst hvað verður um þátttöku þeirra í Hulu.

**Þessi þróun** þrengir að hinu hefðbundna viðskiptamódeli í sjónvarpi. Sögulega má segja að það byggist á þrennu: beinum útsendingum af íþróttaviðburðum, eigin framleiðslu og langtímasamningum við alþjóðlega stórframleiðendur.

**Langir samningar** við kvikmyndaverin verða nú sífellt minna virði þegar sýningarefnið er hægt að nálgast annars staðar. Alþjóðlegu risarnir eru vel undirbúnir, og hafa sett inn samningsklausur um að þeim sé heimilt að sýna efni á eigin streymiþjónustum. Þetta gefur líka vísbendingu um að Disney, HBO og fleiri hyggist færa sig frá leyfismódelinu og að efnið verði jafnvel einvörðungu hægt að sjá gegnum streymi í náinni framtíð.

**Þá eru góð ráð dýr** fyrir hefðbundin sjónvarpsfyrirtæki. Liggur sérstaðan í beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum eða í aukinni framleiðslu á innlendu efni? Rupert Murdoch, stofnandi Sky, sagði einhvern tíma að beinar útsendingar frá enska boltanum væru eina leiðin til að tryggja áskrifendur í sjónvarpi. Sennilega er því sambærilega farið á Íslandi. Því er athyglisvert að Síminn hafi náð réttinum að enska boltanum af Sýn, en Stöð 2 hafði haldið réttinum í áratugi þar á undan.

**Ýmislegt** hefur gengið á hjá Sýn. Félagið hefur sent frá sér afkomuviðvaranir og mannabreytingar hafa verið örar. Hlutabréf félagsins hafa hríðfallið. Hins vegar er það svo að mótlæti fylgja gjarnan tækifæri. Sýn á óviðjafnanlegan efnisbanka af íslensku sjónvarpsefni, og er nánast einrátt á markaði þegar kemur að innlendum íþróttaviðburðum. Í þessu felst sérstaða sem engar alþjóðlegar streymisveitur eða tugmilljóna dollara útsendingarréttur frá ensku knattspyrnunni getur af þeim tekið. Ekki má heldur gleyma því að gríðarlegur kostnaður fylgir samningum um alþjóðlegt sjónvarps- og íþróttaefni.

**Áskorunin** er að gera sem allra mest úr þessari sérstöðu í breyttum heimi?

ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Reykjavík 7 °C 6 ←
Ísafjörður 1 °C 1 ↑
Akureyri 5 °C 1 ↖
Egilsstaðir 5 °C 6 ↑
Kirkjubæjarklaustur 5 °C 7 ↖
Hveravellir -2 °C 8 ↑

Austlæg átt 3-8 m/s, en 10-15 syðst á landinu. Léttskýjað um landið norðanvert, en skýjað með köflum annars staðar og lítils háttar skúrir eða él suðaustanlands. Hiti 3 til 9 stig, en kaldara að næturlagi.

## Fimmtudagur

Reykjavík 9 °C 10 ↖
Ísafjörður 4 °C 2 ↑
Akureyri 9 °C 1 ↙
Egilsstaðir 9 °C 7 ↑
Kirkjubæjarklaustur 8 °C 8 ↖
Hveravellir 2 °C 8 ↑

## Föstudagur

Reykjavík 9 °C 8 ↖
Ísafjörður 4 °C 3 ↖
Akureyri 3 °C 1 ↑
Egilsstaðir 4 °C 3 ↑
Kirkjubæjarklaustur 7 °C 7 ←
Hveravellir 3 °C 8 ↑

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. margskonar
6. ógrynni
8. skilaboð
9. mærð
11. hæð
12. hroki
14. slór
16. kaupstað
17. kyrra
18. tunnu
20. tveir eins
21. drulla

**LÓÐRÉTT**
1. líkami
3. fyrirtæki
4. lítið blóm
5. suss
7. útskúfa
10. skip
13. sægur
15. veikja
16. hólf
19. tveir eins



**LÁRÉTT:** 2. ýmsu, 6. of, 8. sms, 9. lof, 11. ás, 12. dramb, 14. droll, 16. bæ, 17. róa, 18. ámu, 20. mm, 1. saur. **LÓÐRÉTT:** 1. hold, 3. ms, 4. smáblóm, 5. uss, 7. fordæma, 10. far, 13. mor, 15. lama, 16. bás, 19. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Stephan Briem (2.138) átti leik gegn stórmeistaranum Andrew Tang (2.501) í fyrstu umferð GAMMA Reykjavíkurskákmótsins.

**35. ... Dxh2+! 0-1.** Hvítur gaf enda óverjandi mát. Glæsiskák af hálfu Stephans. Þremur umferðum er nú lokið. 240 skákmenn taka þátt og þar af ríflega 150 erlendir. Arkadí Dvorkovítsj, forseti FIDE, mætti á mótsstað og lofaði stuðningi FIDE við skákkennslu í skólum á Íslandi.

**www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING



Eitt verka Brynhildar, Hvítserkur, er úti í garðinum.

# Ég vinn eins og náttúran



„Þar sem ég vinn með steypu og gler þá er ég mótandi eins og náttúran,“ segir listakonan Brynhildur Þorgeirsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir eldri verk og ný á sýningu í Ásmundarsafni. Eitt verkanna, Hvítserkur, er úti í garðinum. Listakonan segist aldrei hafa vælt yfir verkefnaleysi.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Frumefni náttúrunnar er heiti sýningar Brynhildar Þorgeirsdóttur sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni í Sigtúni. Þema safnsins í ár er listaverk í almannarými og Brynhildur er einn af fimm listamönnum sem setja upp sýningu í safninu til hliðar við sýningu á verkum Ásmundar sjálfs. Verk Brynhildar á sýningunni eru öll gerð úr steinsteypu og gleri, en það eru efnin sem hún vinnur mest með. Á sýningunni eru bæði eldri verk og ný.

„Frá því ég gerði mitt fyrsta verk árið 1991 hef ég gert yfir 20 verk í almannarými,“ segir Brynhildur. „Það er ágætt að vera settur í aðstæður þar sem maður verður að rifja upp hvað maður hefur verið að bauka því maður gleymir því. Þarna er til dæmis fyrsta landslagsverkið sem ég gerði í Los Angeles sumarið 1987 og stór ljósmynd af fyrsta útilistaverkinu sem ég gerði árið 1991 og heitir Klettur en það stendur við strandlengjuna fyrir neðan Staðahverfi í Grafarvogi. Svo eru þarna ný verk sem ég gerði sérstaklega í tilefni þessarar sýningar.“

Eitt verka Brynhildar er úti í garðinum og sýnir fjall. Verkið nefnist Hvítserkur. „Ég hef gert nokkur verk af þessu tagi og fannst upplagt að skella einu niður við hliðina á húsinu,“ segir hún.

**Innbyggt náttúrulögmál**

Í Ásmundarsafni verður á tveimur skjáum hægt að sjá hvernig ferlið var við vinnslu á tveimur stórum verkum Brynhildar, annars vegar er um að ræða verkið Landslagsmynd í Garðabæ og hins vegar stórt verkefni sem hún gerði í Svíþjóð. Einnig verður sýnd heimildarmynd um listakonuna.

Spurð hvort það liggi ekki gríðarlega mikil vinna að baki hverju verki segir Brynhildur svo vera. „Já, þetta er mikil vinna, alveg eins og að smíða sér hús. Ég hef smíðað mér hús og það er stærsta verkefnið mitt. Ég flutti inn árið 2001 og bjó í vinnustofunni í 13 ár og svo komst ég inn í íbúðina og þar er dásamlegt að vera. Vinnustofan er risastór þannig að ég er með fullt af plássi og verkin mjatlast út. Ég hef aldrei verið vælandi yfir verkefnaleysi.“

Brynhildur segist vera mjög tengd náttúrunni. „Ég vinn eins og náttúran. Þar sem ég vinn með steypu og gler þá er ég mótandi eins og hún. Ég er búin að vera í þessum gír í rúm 30 ár og held bara áfram og verkin þróast eitt af öðru. Ég man vel þegar ég fór til Japans og var þar í nokkra mánuði að stúdera garðana þeirra sem þeir byggja svo vel upp.

Ég vildi nýta mér reynslu þeirra í útilistaverkin mín. Svo var ég einn daginn að virða fyrir mér verk sem ég hafði gert löngu áður en ég fór til Japans og sá að þetta voru sömu formin, sama kerfið. Náttúrulögmálið er svo sterkt og er bara innbyggt í mann.“

**Kárahnjúkar tóku sinn toll**

Það er margt sem ógnar náttúrunni og Brynhildur er spurð hvort hún hafi áhyggjur af því. „Ég var í stríðinu um Kárahnjúka hér um árið og það tók sinn toll, ég varð svo döpur af því að við töpuðum. Það er ýmislegt gott verið að gera í sambandi við loftslagsbreytingar en þetta er samt yfirþyrmandi dæmi. Guði sé lof að ég er orðin 63 ára og svo dey ég og er laus við þetta kjaftæði, skil ekkert eftir mig nema verkin mín sem ég þarf samt að hugsa um hvert eigi að fara.“

# Sterk listræn sýn

**DANS**

**Vorblót Tjarnarbíós – 1. hluti**

★★★★☆

Danshátíð Tjarnarbíós, Vorblót, var haldin um liðna helgi annað árið í röð, nú í samstarfi við Reykjavík Dance Festival. Hátíðin var vel skipulögð og að venju kenndi ýmissa grasa á meðal þeirra níu verka sem voru sýnd. Aðsókn var góð og almenn ánægja með verkin sem í boði voru. Fjallað verður um verkin í tveimur umfjöllunum hér í Fréttablaðinu og er þetta sú fyrri.

**Virði væntinga**

Sólódansverkið Verk nr. 1,5 eftir Steinunni Ketilsdóttur, samið sérstaklega fyrir Snædísi Ingadóttur dansara, er annað í röð dansverka sem Steinunn semur innan rannsóknarferilsins EXPRESSIONS virði og vald væntinga í dansi. Fyrsta dansverkið í seríunni, Verk nr. 1, var frumsýnt af Íslenska dansflokknum í nóvember 2018. Eins og í fyrra verkinu er hreyfing í samspili við tónlist í fyrirrúmi. Þetta er undirstrikað með hvítum dansdúk sem einu sviðsmyndinni, litríkum búningi og bjartri lýsingu.

Verk nr. 1,5, er beinskeytt og snarpt enda aðeins 30 mínútur. Danssmíðin var skýr og framvinda og stígandi verksins spennandi. Danssmíðin hæfði dansaranum vel og dró fram hliðar sem ekki eru oft sýnilegar. Snædís hefur mjög sterka sviðsframkomu og sjarmerar áhorfendur með gleði og orku. Í verki Steinunnar var lítil bein tenging við áhorfendur en líkaminn sem heild sagði alla söguna. Það var óvenjulegt að sjá alvarlegt yfirbragð Snædísar í dansinum en það undirstrikaði hvað Snædís er fjölhæfur, áhugaverður og flinkur dansari.

**Kynngimögnuð kvenorka**

Verk Önnu Kolfinnu Kuran, Yfirtaka: Konulandslag, er áhrifamikið verk um konur allra tíma. Anna Kolfinna setur kvenorkuna á svið á kyrrlátan og hlýjan hátt og opinberar þannig fegurðina í sameiningu og samstöðu kvenna. Verkið er viðkvæmt því kyrrstaða var mikið notuð og hljóðheimur verksins var einungis söngl kvennanna sjálfra. Þátttakendur í verkinu voru fjölmargar konur á öllum aldri og af öllum gerðum. Verkið hófst með því að þær tíndust ein og ein inn á sviðið og sköpuðu smám saman sterka heild sem fyllti salinn. Þaðan héldu þær á hæglátan hátt í ákveðið ferðalag sem endaði í kyrrstöðu og þögn. Kolfinna hefur leitað í heim kvenna í verkum sínum og tekist einstaklega vel upp. Hún sýnir hugrekki í efnisvali og framsetningu hugmynda sinna og árangurinn lætur ekki á sér standa.

**Að gefa klassískri hefð langt nef**

Í verkinu Geigen Galaxy #2 leita Gígja Jónsdóttir og Pétur Eggertsson í fortíð sína, til áranna sem þau æfðu sig á fiðlu. Líf þeirra með fiðlunni einkenndist af formfestu klassíkurinnar og því fylgdi hún þeim ekki inn í samtímalistina, að minnsta kosti ekki fyrr en þau tóku þá ákvörðun að gera breytingar þar á. Geigen Galaxy #2 eru fiðluteknótónleikar sem enda í almennum dansi áhorfenda. Mikið er lagt í alla umgjörð og tækni til að fiðluspilið fái að njóta sín á sem nýstárlegastan hátt. Áhorfendur standa í kringum flytjendurna og er boðið að vera með þegar líður á verkið og fá í hendur ljósaprik til að skapa partístemmingu. Innlifun þeirra í dansinum varð þvílík að þótt flytjendurnir drægju sig í hlé hélt dansinn áfram og að verki loknu stóðu áhorfendur lengi áfram í myrkum salnum og spjölluðu um upplifun sína.



Verk nr. 1,5, eftir Steinunni Ketilsdóttur, samið fyrir Snædísi Ingadóttur.

Verkið var ekki hnökralaust en frábærlega fallegt og náði vel til áhorfenda. Það er vonandi að það eigi framhaldslíf bæði sem sýning sem og dansviðburður.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Nokkur verulega góð verk mátti sjá á Vorblóti Tjarnarbíós um liðna helgi. Þar eru á ferð höfundar með sterka listræna sýn og færni í að koma hugmyndum sínum í aðlaðandi form.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Afmælistilboð!
## í öllum verslunum Bónus

30 ára BÓNUS
1989 - 2019

ÍSLENSKT gjörið svo vel




**139** kr. 350 g

**Íslensk Agúrka**
ca. 350 g



ÍSLENSKT gjörið svo vel




**359** kr. 125 g

**Lambhaga Bónusblanda**
125 g

HOLLT OG GOTT Í BÓNUS




1kg

**998** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn




500g

**998** kr. 500 g

**Bláber**
Spánn, 500 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **14. apríl** eða meðan birgðir endast.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. APRÍL 2019

### Tónleikar

**Hvað?** Vortónleikar Stefnis
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Guðríðarkirkja
Karlakórinn Stefnir heldur vortónleika sína undir stjórn Sigrúnar Þorgeirsdóttur. Meðleikarar eru Vignir Þór Stefánsson (píanó), Jón Rafnsson (bassi) og Erik Qvick (trommur). Fjölbreytt dagskrá.

### Fyrirlestur

**Hvað?** Kynleg menning - Fyrirlestur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Neskirkja
Að lækna heilaþreytu, krulla, klippa og raka – kynleg menning á rakara- og hárgreiðslustofum nefnist fyrirlestur Þorgerðar Þorvaldsdóttur og Báru Baldursdóttur. Hann byggja þær á efni úr bók sinni Krullað og klippt sem kom út á síðasta ári. Fyrirlesturinn er á vegum Félags íslenskra fræða.


Karlakórinn Stefnir heldur vortónleika í Guðríðarkirkju í kvöld.

### Kvikmynd

**Hvað?** Heimildarmyndin The True Cost
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
The True Cost segir okkur sögu fatanna sem við klæðumst, þeirra sem bjuggu þau til og áhrifa framleiðslunnar á umhverfið og jörðina. Myndin var tekin upp um allan heim, allt frá skærustu sýningarpöllum til myrkustu iðnaðarhverfa. Meðal viðmælenda eru Stella McCartney, Livia Firth og Vananda Shiva. Ókeypis aðgangur í boði Landverndar.

### Afmælisdagskrá

**Hvað?** Aldarafmæli Jóhanns S. Hannessonar skólameistara
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Sjö einstaklingar fjalla um Jóhann, hver frá sínu sjónarhorni. Milli atriða verða lesin ljóð eftir hann og um tónlistaratriði sjá Anna Sigríður Helgadóttir mezzósópran og Bjarni Þór Jónatansson píanóleikari.


Star Wars-aðdáendur nutu þess að horfa á fyrstu myndina í bálkinum undir kraftmiklum og líflegum leik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

# Star Wars flott eftir byrjunarörðugleika

**TÓNLIST**

**Star Wars: A New Hope**
★★★½☆
**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Eldborg í Hörpu**
Fimmtudaginn 4. apríl

**Stjórnandi:** Ted Sperling

Bíósýningar við lifandi tónlistarflutning hafa tíðkast á Íslandi í allmörg ár. Lengi vel var fókusinn á gamlar svarthvítar myndir, oft þöglar, þar sem textarammar birtast með reglulegu millibili. Í hittifyrra var þó fyrsta myndin úr Lord of the Rings þríleiknum sýnd við leik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands ásamt kór, og í fyrra var komið að annarri myndinni. Undirritaður sá báðar sýningarnar, en sat á mismunandi stað. Staðsetningin hafði gífurleg áhrif á skemmtanagildið. Skjárinn sem var fyrir ofan hljómsveitina var furðulítill miðað við hvað Eldborgin er stór. Hann var svo hátt uppi að maður fékk hálsríg niðri í sal, en allt var í lagi uppi á svölunum.

Nú kann einhver að benda á að þetta hafi verið tónleikar en ekki bíósýning; myndin hafi verið aukaatriði. Sá málflutningur heldur ekki vatni; tónlistin er sköpuð í myndrænu samhengi, henni er ætlað að styðja við frásögnina á skjánum. Án hins sýnilega er tónlistin þunnur þrettándi. Þetta er ástæðan fyrir því að tónleikar með kvikmyndatónlist án myndefnis eru gjarnan endurtekningasamir og flatir.

Að þessu sinni var fyrsta myndin úr Star Wars sýnd við leik Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Tónlistin er eftir John Williams, sem kalla má hirðtónskáld Stevens Spielberg. Hún er litrík, fullkomlega raddsett fyrir hljómsveit, og undirstrikar prýðilega allt sem gerist í sögunni. Ekki margir vita að fyrirmynd tónskáldsins að tónlistinni var fyrsti kaflinn úr Plánetunum eftir Gustav Holst. Hann var stjörnuspekingur í frístundum sínum og fyrsti kaflinn er um plánetuna Mars, og stríðsguðinn sem hún heitir í höfuðið á. Oft er notað svokallað „temp track" í kvikmyndum þegar þær eru enn á vinnslustigi og tónlistin við þær hefur enn ekki verið samin. Mars eftir Holst var í slíku hlutverki í Star Wars.

Tónleikarnir á fimmtudagskvöldið tókust ágætlega. Hljómsveitin var að vísu nokkra stund að komast almennilega í gang, málmblásturinn í upphafi var dálítið klaufskur og þunglamalegur. Þar sem tónlistin var ekki hljóðblönduð inn í myndina átti hún það til að yfirgnæfa talið, en þar sem myndin var textuð gerði það lítið til. Eftir byrjunarörðugleikana var leikur hljómsveitarinnar undir stjórn Teds Sperling kraftmikill og líflegur, með hnausþykkum strengjum, grípandi slagverki og björtum málm- og tréblæstri. Heildarhljómurinn var safaríkur og áleitinn og féll afar vel að myndinni. Tónlistin var líka tímasett af nákvæmni, en þar kom tölvutæknin til hjálpar; Sterling var með stóran iPad á nótnapúltinu og bendingar á skjánum gáfu til kynna hvenær næsta atriði átti að hefjast, og í hvaða takti. Útkoman var ávallt spennandi og skemmtileg, a.m.k. á neðstu svölunum í Eldborginni. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Star Wars var mögnuð á bíótónleikum Sinfóníunnar, en staðsetning sætis skipti miklu máli.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Girl (ICE SUB) | 17:45 | Capernaum (ENG SUB) | 22:00 |
| Mug // Twarz (ICE SUB) | 18:00 | Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 22:00 |
| Girl (ENG SUB) | 20:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:15 |







HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

# ENN HOLLARI OLÍA

*það byrjar allt með fjórum fræjum*

**OMEGA 3 & 6**
**+ D- & E-VÍTAMÍN**
**NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



## Undankeppni EM karla í handbolta




Í kvöld kl. 19.25

Bein útsending frá leik Íslands og N-Makedóníu í undankeppni EM karla í handbolta.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014**
**14.15 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. e.
**14.55 Með okkar augum** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**15.25 Máttur fegurðarinnar** Dönsk þáttaröð um mátt fegurðarinnar. Er það rétt að fallegt fólk fái hærri laun, eigi fleiri vini og betra ástalíf? Eftir að hafa unnið í tískubransanum í 10 ár ákveður Chris Pedersen að rannsaka hvaða afleiðingar og forréttindi fegurðin felur í sér. e.
**15.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
**16.55 Sætt og gott** Danskir þættir um kökubakstur og eftirréttagerð. Mette Blomsterberg útbýr kræsingar. e.
**17.15 Skólahreysti** Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans** Kúskó heldur áfram í átt að markmiði sínu að útskriftast úr skóla. En Isma mun gera allt sem hún getur til að stoppa hann.
**18.17 Sígildar teiknimyndir** Sígildar teiknimyndir úr safni Disney-samsteypunnar.
**18.24 Dóta læknir** Líflegir barnaþættir um stúlku sem getur læknað leikföng með hjálp frá uppstoppuðum vinum sínum sem öðlast líf í gegnum töfra hlustunarpípu hennar.
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir og veður**
**19.25 Undankeppni EM karla í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og N-Makedóníu í undankeppni EM karla í handbolta.
**21.30 Skólahreysti** Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson. Dagskrárgerð: María Björk Guðmundsdóttir og Óskar Þór Nikulásson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Ótamdir** Heimildarmynd um mikilfenglegt ferðalag fjögurra vina sem ferðuðust á hestbaki um villta náttúru og þjóðgarða Vestur-Bandaríkjanna, frá landamærum Mexíkó til Kanada. Leikstjórn: Phillip Baribeau.
**00.05 Kveikur**
**00.40 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.40** Valero Texas Open
**12.40** 2018 Masters
**18.10** Golfing World 2019
**19.00** 2019 Augusta Masters - Par 3 mót
**21.00** PGA Highlights 2019
**21.55** Golfing World 2019
**22.45** 2019 Augusta Masters - Par 3 mót

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** The Kids Are Alright
**14.10** Með Loga
**15.10** Ally McBeal
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Station 19
**22.35** Taken
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** NCIS: New Orleans
**02.20** 9-1-1
**03.05** The Resident
**03.50** How to Get Away with Murder
**04.35** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Tónlist frá A til Ö
**15.00** Fréttir
**15.03** Samtal
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.30** Kvöldsagan: Plágan
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** Surf's Up 2: WaveMania
**12.25** Snowden
**14.40** Fly Away Home
**16.30** Surf's Up 2: WaveMania
**17.55** Snowden
**20.10** Fly Away Home
**22.00** The Lobster
**00.00** Burnt
**01.40** The Transporter Refueled
**03.20** The Lobster

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.30** Friends
**07.50** Gilmore Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Newsroom
**10.30** Baby Daddy
**10.50** Enlightened
**11.20** Jamie's 15 Minute Meals
**11.45** Bomban
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef USA
**13.40** Margra barna mæður
**14.10** Allir geta dansað
**16.00** Suðurameríski draumurinn
**16.35** Kevin Can Wait
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Vikinglotto
**19.30** Mom
**19.50** Jamie's Quick and Easy Food
**20.20** Heimsókn
**20.50** Grey's Anatomy
**21.35** Veep
**22.05** Arrested Developement
**22.30** Lovleg
**23.00** You're the Worst
**23.25** NCIS
**00.10** Whiskey Cavalier
**00.55** The Blacklist
**01.40** Magnum P.I.
**02.25** Manifest
**03.10** Manifest
**03.55** Manifest
**04.40** Fearless
**05.30** Fearless

## STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** The Simpsons
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** Krypton
**22.00** Krypton
**22.45** Game of Thrones
**23.55** The Mindy Project
**00.20** Supergirl
**01.05** Arrow
**01.50** The Last Man on Earth
**02.15** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Þór Þorl. - KR: Leikur 2
**08.50** Domino's körfuboltakv.
**09.40** Seinni bylgjan
**11.10** Úrvalsdeildin í pílukasti
**14.10** Ensku bikarmörkin 2019
**14.40** Liverpool - Porto
**16.20** Tottenham - Man. City
**18.00** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Meistarad. - upphitun 2019
**18.50** Ajax - Juventus
**21.00** Meistaradeildarmörkin
**21.30** Man. United - Barcelona
**23.20** Keflavík - Stjarnan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05** Real Betis - Villarreal
**08.45** Real Valladolid - Sevilla
**10.25** ÍR - Stjarnan: Leikur 2
**12.05** Chelsea - West Ham
**13.45** Everton - Arsenal
**15.25** Premier League Review 18/19
**16.20** Þór Þorl. - KR: Leikur 2
**18.00** Domino's körfuboltakv.
**18.50** Man. United - Barcelona
**21.00** Ajax - Juventus
**22.50** Meistaradeildarmörkin
**23.20** ÍBV - Fram

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BARA Í DAG

# LOKAHREINSUN
# LAGERSALA
# KORPUTORGI

## ENN MEIRI
## AFSLÁTTUR






## ALLT Á AÐ
## SELJAST

**Opnunartími:**
**kl. 15<sup>00</sup>-19<sup>00</sup>**

HÚSGAGNA HÖLLIN

Betra BAK

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Gölluðu grínistarnir stefna á heimsyfirráð

Hlaðborð af greiningum sameinar uppistandsgrínarana í hópnum **My Voices have Tourettes**. Um þessar mundir er ár liðið frá því að þau byrjuðu að gera grín að andlegum meinum sínum og því ætla þau að fagna með góðgerðargríni annað kvöld.

Kvíðaröskun, einhverfa, geðklofi, Tourette og geðhvörf sameina grínistana í My Voices have Tourettes. Þau hafa í tæpt ár gert grín að tauga- og geðröskunum sínum við góðar undirtektir í The Secret Cellar í Lækjargötu og ætla annað kvöld, fimmtudagskvöld, að þakka fyrir sig með góðgerðarskemmtun til styrktar Tourette-samtökunum á Íslandi, Geðhjálp og Einhverfusamtökunum.

Elva Dögg Hafberg Gunnarsdóttir og „hinn tourettarinn okkar“, eins og hún kallar Dan Zerin, riðu á vaðið fyrir um það bil ári eftir að Dan sá uppistandsgrín Elvu Daggar, heillaðist og fékk kjarkinn til þess að byrja að grínast með heilkennið.

„Hann sagðist vilja gera sýningu með mér og ég var bara rosalega til í það enda er ég alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Elva Dögg. „Hann stakk svo upp á að við fengjum Hönnuh Proppé Bailey, sem er með geðklofa, með okkur. Mér fannst það góð hugmynd og þannig byrjaði þetta.“

Elva Dögg segir að upphaflega hafi sýningarnar aðeins átt að vera þrjár á Reykjavík Fringe-hátíðinni síðasta sumar. „En síðan varð þetta bara að einhverju sem við áttum ekki von á,“ segir hún. Hópurinn stækkaði og varð að föstum lið á íslensku uppistandssenunni sem á sitt helsta varnarþing á The Secret Cellar.

**Fæddist í kvíðakasti**

„Síðan flutti Hannah, geðklofinn okkar, í sálfræðinám til Skotlands í haust. Við tölum svona hvert um annað og það veitir ekki af í þessum hópi að hafa einhvern sálfræðimenntaðan,“ segir Elva Dögg og hlær. Þá fórum við að taka inn fleiri og þar var Þórhallur náttúrlega efstur á blaði. Bæði vegna þess að við þekkjum hann og svo er hann með þessa ofsakvíðaröskun. Algjörlega snarkvíðinn, þannig að hann passaði svona ljómandi vel inn í þetta allt saman.“

Síðan bættust Carmela Torrini, Stefnir Benediktsson og Steindór Haraldsson í hópinn. „Ég fæddist í kvíðakasti. Ég kom bara grenjandi út,“ segir Þórhallur. „Ég vissi ekkert hvað var að mér fyrst en svo kom bara í ljós að þetta væri ofurkvíði og félagsfælni. Þannig að við erum nokkrir gallaðir grínistar. Tvö með Tourette, tvö með einhverfu, ég með minn ofurkvíða og einn sem er með allan pakkann, alveg hlaðborð af röskunum,“ segir Þórhallur.



„Þetta er góð meðferð og um að gera að hvetja fólk til að vera meira opið með hlutina, tala um þá, það hefur hjálpað okkur alveg rosalega mikið,“ segir Þórhallur um uppistand gölluðu grínistanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég held að þessi sýning sé svona vinsæl vegna þess að það geta nánast allir tengt sig við eitthvað í henni og fólk er bara rosalega þakklátt fyrir það,“ segir Elva Dögg. „Það er í rauninni aðalatriðið að hjálpa fólki með þessu gríni. Mín sýn á þetta er að mér finnst við sko vera með svo rosalega lítið mengi utan um það sem við köllum normal. Mig langar að víkka þetta mengi þannig að bara allir passi inn í það. Við erum öll normal, við erum bara öll mismunandi.“

**Stefna á heimsyfirráð**

„Við viljum gefa eitthvað til baka vegna þess að við erum búin að fá svo mikinn stuðning og jákvæð viðbrögð á þessu ári,“ segir Þórhallur um góðgerðarkvöldið sem þau standa fyrir annað kvöld.

„Þetta er búið að vinda svona upp á sig, það hefur fjölgað í hópnum síðan þau þrjú byrjuðu og þetta verður bara stærra og stærra og við ætlum bara að taka heiminn yfir. Er það ekki yfirleitt þannig, að það séu einhverjir geðsjúklingar að stjórna öllu? Af hverju ekki að hafa okkur?“ spyr Þórhallur.

„Sýningunni er ætlað að auka vitund um geðheilbrigði almennt og reyna að gera það á skemmtilegan hátt. Við erum búin að fá rosa mikið af fyrirspurnum héðan og þaðan úr heiminum frá fólki sem vill fá okkur til að koma,“ segir Þórhallur en þau Elva Dögg eru sammála um að erlendum ferðamönnum, sem eru mikill meirihluti áhorfenda, finnst stórmerkilegt hversu auðvelt þau eiga með að tala um kvillana sína.

> **MIG LANGAR AÐ VÍKKA ÞETTA MENGI ÞANNIG AÐ BARA ALLIR PASSI INN Í ÞAÐ. VIÐ ERUM ÖLL NORMAL, VIÐ ERUM BARA ÖLL MISMUNANDI.**
>
> Elva Dögg

> **FÓLK VIRÐIST HAFA GAMAN AF ÞESSU OG FINNST ÞETTA VERA MIKILVÆGT AÐ VIÐ SÉUM AÐ TALA UM ÞESSA HLUTI.**
>
> Þórhallur Þórhallsson

**Þau standa þétt saman**

„Við erum að fara til Finnlands í næsta mánuði og til Svíþjóðar líka þannig að tvennt er öruggt en planið er að fara til Bandaríkjanna, Englands og bara út um allt,“ segir Þórhallur og heldur áfram:

„Fólk virðist hafa gaman af þessu og finnst þetta vera mikilvægt að við séum að tala um þessa hluti. Fólk þakkar okkur mikið fyrir eftir á, fyrir að þora að tala um þetta. Það eru margir að kljást við ýmislegt þannig að fólk er mjög þakklátt fyrir að við skulum vera að opna á þessa umræðu og tala um þetta á svona skemmtilegan og hispurslausan hátt,“ segir Þórhallur.

„Það er líka bara ógeðslega gott að vera í svona grúppu sem er þannig að ef maður á alveg ömurlegan dag þá bara skilja það allir. Þá bara setja mann allir í bómull og það er bara svo rosalega gott,“ segir Elva Dögg.

„Svo hefur bara orðið svo mikil breyting á okkur sjálfum með þessari sýningu. Maður fer í hverri einustu viku upp á svið og talar um hluti sem venjulega hafa verið taldir til galla en þarna segist maður bara vera kominn til þess að dusta allan óhreina þvottinn sinn hérna fyrir framan ykkur,“ heldur hún áfram.

„Og maður er bara búinn að vaxa sem manneskja og Tourettið mitt fer ekki næstum því jafn mikið í taugarnar á mér núna og það gerði áður.“

Húsið er opnað klukkan 17 og uppistandssýningin hefst síðan venju samkvæmt klukkan 21. „Það er alltaf frítt inn en við verðum með alls konar uppákomur, seljum boli, erum með bingó og eitthvað svoleiðis kjaftæði. Svo er bara hægt að styrkja þessi félög með frjálsum framlögum,“ segir Þórhallur.

thorarinn@frettabladid.is




Laugardalshöll 7. desember
Sigrid
MIÐASALA HEFST Á
MORGUN KL. 10!
VÍKING
BRUGGHÚS
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/SIGRID OG Í SÍMA 551-3800
NÁNAR UM TÓNLEIKANA: SENALIVE.IS/SIGRID
sena
LIVE!












Jónas Sig hefur unnið náið og mikið með sveitinni og var meðal annars með henni á plötu og tónleikum 2012.

# Svaka kúl lúðasveit frá Þorlákshöfn

Tónlistarlífið í Þorlákshöfn er býsna fjörugt og lúðrasveit bæjarins er ótrúlega fjölmenn miðað við höfðatölu. Formaðurinn segir þau vera „kúl lúða“ sem eigi auðvelt með að fá stjörnur til liðs við sig.

Lúðrasveit Þorlákshafnar heldur tvenna stórtónleika í þessari viku undir yfirskriftinni Brassrokk og nýtur að þessu sinni liðsinnis ekki ómerkari kappa en Eyþórs Inga Gunnlaugssonar og Þráins Árna Baldvinssonar, gítarleikara Skálmaldar, sem munu fara með sveitinni í gegnum nokkra sígilda rokkslagara.

„Tónlistarlífið hérna er ansi fjörugt og ef við tökum höfðatöluna þá er Lúðrasveit Þorlákshafnar fáránlega fjölskipuð,“ segir Ágústa Ragnarsdóttir, hornleikari og „virðulegur formaður“ eins og hún orðar það. „Það má segja að við séum alltaf í það minnsta 30 sem erum á hverjum tíma og það telst nú ansi gott hérna í sveitinni.“

Hún segir langflesta í lúðrasveitinni eiga rætur að rekja til Þorlákshafnar og þar búi flestir þótt einhverjir komi frá Selfossi og Reykjavík. „Það eru þá einhverjir brottfluttir en hafa þó vel flestir fengið sitt tónlistarlega uppeldi í Tónlistarskóla Árnesinga hérna í Þorlákshöfn. En svo eru svona lúðar eins og ég sem er aðfluttur andskoti sem lærði annars staðar,“ segir Ágústa.



Aðflutti andskotinn hún Ágústa Ragnarsdóttir er virðulegur formaður hinnar fjölmennu og öflugu lúðasveitar sem blæs rokkuðu lífi í bæjartuskurnar.

„Það er rosalega rík tónlistarhefð í bænum og lúðrasveitin hefur hægt og rólega fest sig í sessi og hún hefur meðal annars orðið til þess að kynslóðirnar haldist í sveitinni.“

Ágústa segir þau yngstu í lúðrasveitinni vera í 10. bekk en þau elstu eru komin eitthvað yfir sextugt. „Þetta er nefnilega fáránlegt. Það er ekkert kynslóðabil í sveitinni sem er eiginlega ansi magnað. Og eins og kannski í lúðrasveitum almennt þá komum við úr rosalega fjölbreyttu starfsumhverfi, stéttum og svona,“ segir Ágústa um hina rótgrónu sveit sem varð 35 ára í febrúar, stofnuð 1984.

## Engin búningasveit

„Við höfum gert eitthvað mjög stórt á hverju einasta vori á undanförnum árum sem er þá hluti af því að fólki finnist spennandi að vera í þessu, að vera ekki bara lúðrasveit eins og margir kannast við sem eru bara að marsera á einhverjum tyllidögum og þess háttar. Við höfum aldrei beint verið svona búningalúðrasveit.“

Og í ár eru það sem fyrr segir tvennir rokkaðir tónleikar með aðstoð þekktra rokkhunda sem lúðrasveitin blæs til. Fyrri tónleikarnir verða í Seljakirkju í kvöld og þeir seinni í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn laugardaginn 13. apríl klukkan 15.

„Það er bara ótrúlegt hvað menn eru til í þetta með okkur,“ segir Ágústa um aðkomu þeirra Eyþórs og Þráins að þessu sinni. „Við erum svo kúl. Við erum svakalega kúl lúðar og þeir virðast ekkert þurfa að hugsa sig neitt sérstaklega um. Eins og þessir tveir sem eru með okkur núna. Það eru engir stjörnustælar og þetta hleypir spennu í mannskapinn og yngra liðinu finnst ógeðslega spennandi að vera með svona frægu fólki og gamla liðinu svosem líka.“



Eyþór Ingi hleypir kappi í kinnar ungra sem aldinna lúðrablásara með rokkandi en stjörnustælalausum öskrum.



Lúðrasveitin hefur gert strandhögg í Lettlandi þar sem hún hreppti annað sætið í lúðrasveitakeppni.

## Killing in the name of …

Lög eins og The Show Must Go On, Higher and Higher, Kvaðning með Skálmöld og Fjöllin hafa vakað eru meðal þeirra laga sem munu hljóma á tónleikunum ásamt Killing in the Name með hljómsveitinni Rage Against the Machine.

*Hvaða klikkun er það að bjóða upp á Rage Against the Machine. Stendur þú fyrir þessu?*

„Ekki persónulega en ég var í hópnum sem valdi lögin. Þetta er geðveikt lag, sko, og mjög athyglisvert að heyra það í þessum flutningi. Þetta er brjálað brass og þetta er lagið sem við notum til að kynna strákana til sögunnar á tónleikunum,“ segir Ágústa.

„Við byrjum á rosalegri Þursaflokkssyrpu þar sem lúðrasveitin er bara að spila, síðan förum við beint í Rage og svo kemur Eyþór inn alveg hreint öskrandi. Og þannig hefst þeirra aðkoma að tónleikunum.“

**thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



Kempa
11
Arion banki
HSÍ
ÁFRAM ÍSLAND
KFC
ICELANDAIR
25 HOT WINGS
3.149 kr.
50 HOT WINGS
5.249 kr.
100 HOT WINGS
9.499 kr.
KFC

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177



BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar




## Rakhnífur Ockhams

Popúlismi hefur farið vaxandi á Vesturlöndum eftir alþjóðlegu efnahagskreppuna 2008. Svo vaxandi er hún að forseti Bandaríkjanna tilheyrir m.a.s. þeim hópi. Stjórnmálamenn sem aðhyllast hana beita gamalkunnum ráðum til að þjappa fólki á bak við hana. Þær snúast um að búa til sameiginlega óvini og nota falsfréttir og samsæriskenningar til að fylkja fólki gegn þeim. Í löndunum í kringum okkur eru þessir óvinir oftast innflytjendur. Íslenskir popúlistar hafa hins vegar ákveðið að gera óvin úr Evrópska efnahagssvæðinu og þriðja orkupakkanum. Því er haldið fram að hið illa og lævísa Evrópusamband ætli að stela af okkur sjálfri orkuauðlindinni með því að neyða okkur til að leggja sæstreng og virkja alla bæjarlæki landsins. Eins og stjórnvöld og fjöldi lögfræðinga hafa margoft bent á þá er þetta auðvitað tóm þvæla. Stjórn orkumála á Íslandi verður áfram í höndum íslenskra stjórnvalda og það verður ekki lagður sæstrengur án samþykkis Alþingis. Þriðji orkupakkinn bætir litlu við þá fyrstu tvo öðru en aukinni neytendavernd. Orkupakkarnir hafa fært orkumarkaðinn frá einokun til samkeppni sem er heillaspor fyrir alla landsmenn. Það gilda nefnilega engin sérstök lögmál um orkumarkað sem gera það að verkum að samkeppni eigi ekki heima þar. Andstæðingar orkupakkans þurfa að fara miklar krókaleiðir til að komast að niðurstöðum sínum. Þannig er það iðulega með samsæriskenningar popúlista. Ástæðan er sú að þriðji orkupakkinn er notaður sem tylliástæða til að grafa undan áliti fólks á Evrópska efnahagssvæðinu. En eins og Vilhjálmur af Ockham kenndi okkur þá er einfaldasta skýringin yfirleitt sönn.








